sérstaklega við um Reykjavík. Við kjör á Evrópuþingið í síðustu viku urðu flokkar sem andvígir eru Evrópusamstarfinu stærstu flokkarnir í Bretlandi, Frakklandi og Danmörku. Kjósendur voru að senda sterk skilaboð. Að vísu fengu aðrir flokkar riflega tvo þriðju hluta atkvæðanna. En það breytir ekki hinu að þetta voru

söguleg tíðindi; einkum þó í Bretlandi.

Forsætisráðherrar Norðurlanda ræddu þessi jarðskjálftaúrslit á fundi sínum á Mývatni í vikunni. Okkar ráðherra sagði þau „gefa til efni til þess að íhuga hvort gera þurfi hlutina öðru vísi“. Jafnframt benti hann á „að rót vandans væru þeir erfiðleikar sem Evrópusambandslöndin hafi gengið í gegnum“. Hann bætti við „að menn sæju ekki alveg fyrir sér að það leyist á næstunni, en þó væri þeim mun meiri ástæða til þess að fólk upplifði það að verið væri að vinna í hlutunum“.

## Forsætisráðherra hittir naglann á höfuðið

**S**egja má að forsætisráðherra hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann greinir skilaboð kjósenda í Evrópukosningunum á þennan veg. Kreppan á Íslandi varð dýpri en í flestum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Margt hefur áunnist en menn sjá þó ekki enn fyrir lausn vandans hér fremur en þar. Rétt eins og aðrir Evrópubúar þurfa Íslendingar líka að upplifa að verið sé að vinna í hlutunum.

Þegar atkvæði hafa verið talin í kvöld er rökrétt að bera niðurstöðurnar saman við þessa greiningu forsætisráðherra. Atkvæðatölurnar munu einfaldlega segja

sína sögu um það hvort kjósendur upplifa veruleikann á þann veg að verið sé að vinna í hlutunum og hvort tilefni sé til að gera þá öðru vísi.

Komi stjórnarflokkarnir vel út úr kosningunum í heild verður lítið tilefni til að íhuga hvort fara eigi aðrar leiðir að settu marki. Verði stjórnarflokkarnir aftur á móti fyrir miklu áfalli hlýtur sú spurning að vakna. Forsætisráðherra þarf þá að svara rétt eins og leiðtogar aðildarríkjana hvað það er sem hann telur að kjósendur vilji gera með öðrum hætti.

Álitamálið er hvar draga á línuna milli góðra úrslita og slæmra. Ekki

er sannjarnt að nota nákvæmlega sama pólitíska jarðskjálftamæli eins og í Evrópukosningunum. Þá þyrfti stjórnarandstaðan ekki að fá nema tæplega þriðjung atkvæða til að segja mætti að tilefni væri fyrir ríkisstjórnina að gera hlutina öðru vísi. Allir sjá að það væri fráleitt.

Í ljósi þess að stjórnarflokkar sigla jafnan mótvind þegar erfiðleikar steðja að er rétt að gera vægari kröfur um árangur í dag. En fari samanlagt fylgi stjórnarflokkanna niður fyrir fjórutú af hundraði á landinu öllu verður sú íhugun varla umflúin sem forsætisráðherra taldi að úrslitin í Evrópukosningunum hefðu gefið tilefni til.

## Rótlaus pólitík

**Þ**egar kreppan skall á í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar hleyptu þær aðstæður nýju lífi í þjóðernishyggju og verndarstefnu af ýmsu tagi. Eftir á skildu menn að þær þjóðir urðu verst úti sem lengst gengu til móts við þær einföldu lausnir tíðarandans. Ísland festist til að mynda lengur í höftum en aðrar þjóðir og varð af þeim sökum lengi eftirbátur annarra.

Kosningaúrslitin í Evrópu nú sýna að boðskapur þjóðernispopúlisma og verndarstefnu, einkum gagnvart útlendingum, fær hljómgrunn eins og í kjölfar

heimskreppunnar miklu. Þau viðbrögð eru hins vegar jafn misráðin nú og þá. Rótleysið í pólitíkinni hér virðist meðal annars eiga rætur í því að fólk hefur ekki gert upp við sig hvort það á að súpa á þessu gamla víni sem nú er reitt fram á nýjum belgjum.

Í þingkosningunum 2009 fékk VG næstum sama fylgi og sumir sigurvegaranna í Evrópukosningunum nú. Ári síðar kusu Reykavíkingar leikara í trúðsgervi sem borgarstjóra. Af því hlaut þó ekkert stórslys. Í fyrra varð Framsókn svo fyrsti flokkurinn í

Evrópu af þjóðernispopúlísku tagi sem náði forystu í ríkisstjórn. Og fyrir viku ákvað flokkurinn að skerpa þá ímynd með því að sá smá efahyggju í garð mosku íslamista. Nokkrir þungavigtarmenn í Sjálfstæðisflokknum hafa síðan gert góðan róm að baráttuáferð Framsóknar.

Allt að einu liggur skýringin á þeim úrslitum, sem væntanlega bíða sjálfstæðismanna í Reykjavík í nótt, fremur í því dýra verði sem ríkisstjórnarsamstarfið við Framsókn var keypt en í borgarstjórnarframboðinu sjálfu.





JÓNSSON & SETHVICK • JÚNÍ • 2014

# Hann er saltur sjórinn við Súgandafjörð

Það var árið 1926, á Suðureyri við Súgandafjörð, sem 66°NORÐUR fór að framleiða sjóklæði og hóf þar með starfsemi. Þótt margt hafi breyst, bæði á sjó og landi, þá erum við stolt af því að geta enn í dag auðveldað íslenskum sjómönnum og fiskverkunarfólki verkin. Römm er sú taug.


# FRÁBÆR OPNUNAR TILBOÐ

SJÁ NÆSTU OPNU

ÓVÆNTAR  
UPPÁKOMUR  
OG VEITINGAR  
Í TÍLEFNI DAGSINS.  
LA-Z-BOY LEIKUR  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
LZB-STÓL!



## HÚSGAGNAHÖLLIN

 furninova

CONFORM®

S.O.U.L  
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

woodpoint

NÝ OG FALLEG DRAUMAHÖLL

STÆKKUM, BREYTUM OG SKREYTUM

# OPNUM

KLUKKAN 11<sup>00</sup>

4.000 m<sup>2</sup> Á TVEIMUR HÆÐUM



TVÖFALT STÆRRI →

IDdesign

HJORT  
KNUDSEN

L A Z B O Y

skovby

Broyhill

SMÁVARA

15%  
AFSLÁTTUR  
AF

ALESSI

Rosenthal

iittala

by nord



furninova

NÝTT  
20%  
KYNNINGAR-  
AFSLÁTTUR

## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM OG

### TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU



TALIDA HORNSÓFI MEÐ TUNGU.  
Brúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 341x222x160 H80 cm.

**199.990**  
FULLT VERÐ: 369.990

### LARAMIE SÓFASETT microfiber áklæði



LARAMIE  
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95  
2 sæta sófi: B: 170 D: 95  
H: 95 cm. 3 sæta: B: 220  
D: 95 H: 95 cm.

2 SÆTA  
**169.990**  
FULLT VERÐ: 199.990

3 SÆTA  
**179.990**  
FULLT VERÐ: 209.990

STÓLL  
**139.990**  
FULLT VERÐ: 169.990

L A Z B O Y

RIALTO  
Grátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 80x80 cm H: 107 cm

**79.990**  
FULLT VERÐ: 119.990



L A Z B O Y

DREAMTIME Gæðaleður svart,  
brúnt eða vínrátt.  
Stærð: 97x99 cm H: 104 cm

**129.990**  
FULLT VERÐ: 189.990



S.O.U.L  
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE



SMÁVARA

20%  
AFSLÁTTUR  
AF

IVV  
home4table

VIDIVI  
Vetri de la Venezia  
MADE IN ITALY

b  
broste  
COPENHAGEN

\*Bloomingville®



NÝTT  
20%  
KYNNINGAR-  
AFSLÁTTUR

## FRÁBÆRUM OPNUNARTILBOÐUM

### DURANGO TUNGUSÓFI



Stærð: 273x199 H81,5 cm cm.  
Hægri eða vinsti tunga.  
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**189.990**  
FULLT VERÐ: 269.990

### FINNLEY SVEFNSÓFI MEÐ TUNGU



Slitsterkt grátt áklæði.  
Svefnsvæði: 140x195 cm.  
Stærð: 244 x 165 x 90 H: 85 cm.

**119.990**  
FULLT VERÐ: 179.990



DALLAS  
Barstóll  
Svart og hvítt  
leður á krómfæti.

**14.990**  
FULLT VERÐ: 23.990

**14.450**  
FULLT VERÐ: 19.990

WOODY borðstofustóll.  
7 litir með hvíttuðum viðarlöppum.



**12.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

ANDREW  
Borðstofustóll  
Svartur, hvítur og brúnn.



**17.990**  
FULLT VERÐ: 27.990

MATHILDE Barstóll  
Svart leður á krómfæti.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI



# YKKUR ER BOÐIÐ Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA Á SJÓMANNADAGINN

Til að fagna sjómannadeginum bjóðum við til fjölskylduskemmtunar hjá HB Granda á Norðurgarði.

Við opnum svæðið kl. 12 og í boði verða drykkir, pylsur, frostpinnar, popp, vöfflur, blöðrur fyrir börnin og margt fleira. Sirkus á svæðinu, leiktæki fyrir börn á öllum aldri og fjörug dagskrá fyrir alla fjölskylduna.



## SKEMMTIDAGSKRÁ

- 13.00 Atli Þór og Gói halda uppi fjörinu
- 13.20 Latibær kemur hreyfingu á mannskapinn
- 13.50 Jón Arnór töframaður og Palli Jójó úr Ísland Got Talent sýna listir sínar
- 14.30 Skoppa og Skrítla syngja og leika

Dagskránni lýkur kl. 16.00.

Komdu og njóttu sjómannadagsins með fjölskyldunni.



ÍSLENSKA/SÍJA/SÍJA/GRA 69270 0514





7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

# Nýr Kia Sportage

Frumskýning í dag kl. 12-16



## Nýr Kia Sportage í sérstakri **World Cup Edition**

Í tilefni af því að Kia er einn aðalstyrktaraðili HM í Brasilíu bjóðum við sérútbúinn Kia Sportage á sérstöku tilboðsverði.

**Kia Sportage – World Cup Edition:** 2,0 dísil, sjálfskiptur, 4wd, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, litað gler aftur í og margt fleira.

**Kia Sportage hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga**, m.a. hin virtu **Red Dot hönnunarverðlaun** og reyndist besti sportjeppinn að mati þýskra bíleigenda 2014 í nýrri könnun **markaðsrannsóknarfyrirtækisins J.D. Power.**







The Power to Surprise

## Sparneytinn og kraftmikill dísilbíll

Framsýnum í dag Kia Sportage sem er kominn í nýrri útfærslu með breyttu útliti, enn betri hljóðeinangrun og skemmtilegum nýjungum. Nýr Kia Sportage er **öflugur og sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 6,0 l/100 km** í blönduðum akstri. Fáanlegur beinskiptur og **sjálfskiptur**.

Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sportage**, svo hún gildir til ársins 2021.

Komdu við hjá Öskju að Krókhálsi 11 á leiðinni á eða af kjörstað og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. Við tökum vel á móti þér.

Nýr Kia Sportage 2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd

Verð frá **5.990.777 kr.**





Síminn

# Hafðu nýju íbúðina í sterkara sambandi



siminn.is

## Nýttu þér möguleikana hjá Símanum þegar þú flytur að heiman

Þegar flutt er að heiman í fyrsta skipti er hægt að sætta sig við ýmislegt. En það er algjör óþarfi að sætta sig við lélegt samband. Hjá Símanum færðu kraftmikla nettengingu, talar endalaust og sendir endalaust mörg SMS með nýju GSM Snjallpökkunum. Svo sér Spotify um tónlistina og þú nýttur allra kostanna sem Sjónvarp Símans færir þér, bæði heima og í snjalltækjunum. Nýttu þér fjölbreytta þjónustu og hafðu nýju íbúðina þína í sterkara sambandi með Símanum.



Download on the  
App Store

GET IT ON  
Google play

# HELGIN



**Helgi Björnsson, tónlistarmaður og leikari**

## Sjómannaþagsböll og hvítvín

Helgin byrjaði frábærlega í gær þegar ég fékk mér humar og hvítvín. Ég er að fara norður í dag og spila á sjómannaþagsballi á Akureyri. Svo fer ég á Ólafsfjörð á morgun og spila þar á öðru sjómannaþagsballi með Reiðmönnum vindanna, þannig að það er nóg að gera.



**Selma Björnsdóttir, leik- og söngkona**

## Prófar bogfimi

Ég ætla í ræktina í dag og verð svo á sviðinu í Þjóðleikhúsinu þar sem ég leik í Spamalot. Á morgun ætla ég svo að skella mér í bogfimi.



**Halldór Gunnar Pálsson, tónlistarmaður**

## Semur í Skagafirði

Ég verð hjá mömmu í Skagafirðinum yfir helgina og ætla að liggja þar í leti. Ég ætla að njóta þess að vera loksins búinn með þjóðlagið og fæ því verðskuldað frá. Gítarinn er samt með í för þannig að maður gæti jafnvel hlaðið í einn slagara.



**Erna Hrund Hermannsdóttir, fördunarfræðingur og tískubloggari**

## Fer á kjörstað

Í dag er bróns með stórfjölskyldunni á dagskránni og seinna fer ég svo í útskrift hjá systursyni mömmu sem útskrifaðist nýlega úr MH. Svo fer ég auðvitað á kjörstað. Sunnudagurinn fer svo líklega í smá vinnu.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á KJÖRSTAÐ.** Kosningaréttinn þarf að nýta. Á eftir er tilvalið að rölta á kaffihús.



**Á NÝJA PLÖTU MICHAELS JACKSON** heitins, Xscape. Áður útgefin lög með kónginum sem kæta og hressa.



**BESTSELLERS EFTIR HUGLEIK DAGSSON.** Kemur þér í gott skap og slær á stressið yfir úrslitum kosninganna. Skellihlátur á hverri síðu.



**Á KVIKMYNDINA BIUTFUL** með Javier Bardem á RÚV klukkan 23. Hvernig sem kosningarnar fara muntu sjá að þú hefur það bara hundgott – miðað við marga.



**MIKIÐ UM DÝRÐIR**

Dagmar Haraldsdóttir segir hátíðina vera fjölskyldumiðaða og býst við skemmtilegri helgi við höfnina. Hér er hún ásamt þeim Lindu Stefánsdóttur, Gerði Dýrfjörð og Gauki Gunnarssyni sem eiga meðal annars heiðurinn af leikvællum við Grandagarð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Reykjavík var og er hafnarborg

Mikið verður um dýrðir við Reykjavíkurböfn alla helgina þegar fram fer Hátíð hafsins þar sem hafnardagurinn og sjómannaþagurinn hafa verið sameinaðir. Dagmar Haraldsdóttir framkvæmdastjóri segir markmið hátíðarinnar vera að fjölskyldan geti gert sér glaðan dag.

**Álfrún Pálsdóttir**  
alfrun@frettabladid.is

**P**etta er í sextánda sinn sem hátíðin er haldin og er fyrst núna að festa sig í sessi meðal almennings sem er ánægjulegt," segir Dagmar Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Hátíðar hafsins sem fer fram við Reykjavíkurböfn um helgina.

Dagskrá hátíðarinnar er þétt-

skipuð skemmtiatriðum og uppákomum þar sem hafið og sjómennskan eru í lykilhlutverki. „Höfnin og hafnarsvæðið í Reykjavík er að verða sýnilegra og sýnilegra með hverju árinu. Við megum ekki gleyma því að Reykjavík væri ekki sú borg sem hún er í dag án hafnarinnar, hún er og var hafnarborg.“ Meðal þess sem er á boðstólum um helgina er sjóræningjagísling, reiptog og lukkuhjól. Skoppa og Skríttla og Latibær skemmta börnunum, Reykjavíkurdætur eru meðal þeirra fjöl-

mörgu sem taka lagið á sviðinu og hægt verður að bragða á alls kyns mat. „Ég hef ekki tölu á hvað þetta eru margir viðburðir en það verður eitthvað fyrir alla. Til dæmis erum við búin að safna saman nokkrum keppendum í Söngvakeppni framhaldsskólanna sem eru búin að æfa gömlu sjómanslögin og það er æðislega flott hjá þeim. Það verður á stóra sviðinu á morgun kl. 14. Markmið okkar er að fjölskyldan geti komið hingað og gert sér glaðan dag án þess að það kosti eitthvað. Auðvitað er

eitthvað til sölu en mestmegnis er um ókeypis skemmtun að ræða.“

Dagmar er búin að rýna í veðurspá dagsins og segir hana lofa góðu. „Norska veðursíðan segir að það eigi að vera sól og léttskýjað milli 12 og 16, verðum við ekki bara að treysta því? Annars kunnum við Íslendingar að klæða okkur eftir veðri. Er ekki upplagt að fólk komi hingað um leið og það er búið að fara á kjörstað?“ Hægt er að nálgast nánari dagskrá Hátíðar hafsins á vefsíðunni hatidhafsins.is.

## Fiskisúpudagurinn í miðborginni

Súpa á boðstólum fyrir gesti og gangandi á Laugvegnum í dag.

Hinn árlegi fiskisúpudagur fer fram á Laugaveginum í dag en þar bjóða valdar verslanir og veitingamenn í miðbænum upp á ljúffengar fiskisúpur fyrir gesti og gangandi. Dagurinn tengist Hátíð hafsins og verður byrjað að ausa í skálar kl. 13.30.

Verslunin Kjólar og konfekt tekur þátt í fjörinu en þar ætlar eigandi verslunarinnar, Hermann, að tófra fram gómsæta fiskisúpu sem er bragðbætt með hvítu súkkulaði. Áhugasamir geta séð uppskriftina hér til hliðar.

Aðrir sem taka þátt í deginum eru verslunin Kokka, Gleraugnamíðstöðin og Íslenski barinn. Harmonikkuleikarar verða á vappi til að fullkomna stemninguna.

### Skelfisksúpa með hvítu súkkulaði

2 l humarsoð  
½ l rjómi  
3 dl hvítvín  
4 stk. hvítlauksgeirar  
1 msk. tómátpúrre  
6 saffranþræðir  
1 tsk. dijonsinnep  
1 tsk. karríduft  
1 tsk. paprikuduft  
100 g hvítt súkkulaði  
½ stk. vanillustöng  
½ kg skelfiskur að eigin vali  
salt og pipar

Gott er að tína fallegar jurtir eins og skessujurt, graslauk, dill, kóríander eða það sem fólki dettur í hug að

saxa og setja ofan á súpuna þegar hún er borin fram. Aðferð: Soð og rjómi í pott. Hvítlaukurinn saxaður út í og látið malla í klist. Allt krydd sett út í pottinn og látið malla í aðra klist. Smakkað til með salti, pipar og súkkulaði. Skelfiskurinn svitaður á pönnu og hvítvíni hellt yfir og soðið í 1 mín. Petta fer svo út í pottinn rétt áður en þetta er borið fram með þeyttum rjóma sem er pískaður saman við.



**GÓMSÆT**  
Skelfisksúpa með súkkulaði.



# TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA  
EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI  
UMSÓKNARFRESTUR TIL 2. JÚNÍ

## Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

VIÐURKENNDUR BÓKARI  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM  
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

NÁM TIL LÖGGILDINGAR  
FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

## Á FRAMHALDSSTIGI

FJÖLSKYLDUMÉÐFERÐ  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

ÖLDRUNARFRÆÐI  
*DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI*

## NÁMSLÍNUR ÁN EINGA

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

LEIÐTOGAHÆFNI - LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKINGU  
OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUN  
*UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER*

FJÁRMÁL OG STÝRING VERKEFNA  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*  
*UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER*



**HÁLEIT MARKMIÐ** Sólveig Káradóttir fyllti nýverið 30 ár og segist bara finna fyrir pressunni um barneignir þegar hún kemur hingað heim en núna fær fatamerkið alla hennar athygli.

MYND/SAGA SIG FÖRÐUN/FRÍDA MARÍA MED MAC OG BLUE LAGOON SKINCARE HÁR/ FRÍDA MARÍA MED LABEL.M

# Alltaf viljað vinna við tísku

**Sólveig Káradóttir** er kunnuglegt andlit þrátt fyrir að hafa ekki verið búsett á Íslandi í ein fimmtán ár. Hún hóf heimshornaflakk sitt sem fyrirsæta, er gift inn í eina frægustu tónlistarfjölskyldu heims og á tvö heimili, eitt í London og annað í Los Angeles. Sólveig, sem er menntuð í sálfræði frá háskólanum í Boston, stofnaði nýverið fatamerkið Galvan London.

Álfrún Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is



Sólveig Káradóttir er stödd hér á landi í tilefni afmælis tengdamóður sinnar, Olivia Harrison. Eiginmaður hennar til tveggja ára, tónlistarmaðurinn Dhani Harrison, er nýfarinn af landi brott en Sólveig varð eftir til að eyða nokkrum dögum með fjölskyldu og vinum.

„Við eigum eiginlega tvö heimili, í London þar sem við búum á fallettu æskuheimili Dhani í Friar Park ásamt tengdamóður minni, og svo í Los Angeles þar sem Dhani vinnur. Það er því mikið flakk á okkur á milli landa og svo gott að Ísland er akkúrat þarna í miðjunni og ég nýti stundum tækifærið og kem við hér í nokkra daga. Það tekur á að flakka svona á milli en það vill svo skemmtilega til að systir mín og fjölskylda hennar eru nú flutt til LA svo að ég get eytt meiri tíma með henni og litlu frændsystkinum mínum,“ segir Sólveig en Dhani vinnur við að semja tónlist fyrir bíómyndir og sjónvarpsefni.

## Veðjuðu á réttan hest

Það eru tvö ár síðan hugmyndin að fatamerkinu Galvan London kviknaði en það var að frumkvæði vinkonu Sólveigar sem var búið í tíu brúðkaup það sumarið sem öll gerðu kröfu um svokallaðan „black tie“-klæðaburð.

„Það er mikið um svoleiðis fatareglur úti þar sem ætlast er til þess að gestir klæðist síðkjól og smóking. Fallegur síðkjöll úr góðu efni getur kostað allt að 4 þúsund pund og er ekki á færi allra að kaupa,“ segir Sólveig en í kjölfarið sáu þær stóllur glufu á markaðnum fyrir fatamerki sem byði upp á síðkjóla og fínna fatnað á minni pening en gengur og gerist en samt úr góðum efnum.

Of þær veðjuðu á réttan hest. Galvan hefur á stuttum tíma tekist að ná ótrúlegum árangri innan tískuheimsins. Sólveig er titluð

listrænn stjórnandi og hennar hlutverk er að flakka á milli stóru sýninganna og fá innblástur fyrir línuna sem hún vinnur svo náið með Önnu-Christine Haas sem er hönnuður Galvan. Katherine Holmgren er stjórnarformaður og Carolyn Hodler sölustjóri. Sólveig er ánægð með þetta teymi og segir þær vinna vel saman.

„Síðustu tvö ár höfum við verið mjög sniðugar í að koma merkinu á framfæri sem skilar sér. Við vorum á tísku-víkunni í París og London í byrjun árs þar sem merkinu var vel tekið. Anna-Christine er búsett í Düsseldorf, en margar þýskar verslanir hafa keypt línuna.“

Þrátt fyrir að fyrsta línán sé á leiðinni í búðir á næstu dögum hafa stórar og virtar verslanir á borð við Harvey Nichols, Brown, Bergdorf Goodman og Neiman Marcus þegar keypt línuna. Einnig hefur Vogue fjallað um merkið en meiri meðbyr er varla hægt að hugsa sér í þessum geira.

## Tískuáhuginn frá afa

Leikkonurnar Gwyneth Paltrow og Gemma Arterton hafa sést á rauða dreglinum í fatnaði frá Galvan sem Sólveig segir vera góða auglýsingu.

„Við þekkjum stílista Gwyneth sem kom og fékk fót frá okkur. Það er heiður fyrir okkur að stjörnur á borð við þær vilji klæðast fatnaði frá okkur en við viljum líka velja og hafna hverja við klæðum. Við höfum alveg neitað fólki sem vill fá lánað hjá okkur enda skiptir það gríðarlegu máli upp á ímyndina.“

Sólveig segir velgengnina vera mörgu að þakka, allar eru þær nokkuð vel tengdar inn í þennan heim, en ljóst er miðað við viðtökurnar, að svona merki vantaði í flórana.

„Við vorum að stíla inn á ákveðið gap á markaðnum. Fína kjóla úr gæðaeftum sem eru nútímalegir en kosta ekki handlegg. Það var greinilega eitthvað sem vantaði og þess vegna er okkur vel tekið.

Við erum líka ekki að fara framúr okkur, við gerum lítið í einu, einbeitem okkur að kjólum fyrst en í framtíðinni sé ég fyrir mér að bæta frekar við línuna.“

Þrátt fyrir að hún sé sálfræðimenntuð kemur það engum á óvart að hún láti til sín taka í tískuheiminum.

„Ég hef alltaf haft gaman af tísku og haft áhuga á fötum. Það er eitthvað sem liggur vel fyrir mér og ég vissi alltaf að mig langaði að vinna við eitthvað tengt þessum heimi. Ég held ég hafi þetta frá afa mínum, Kristjáni Davíðssyni listmálara, sem var með næmt auga og fatahönnuðir kepptust um að fá að klæða hann í nýjustu tísku þegar hann var ungur og upprennandi myndlistarmaður. Næsta lína verður einmitt innblásin af list honum til heiðurs.“

## Hefði viljað hitta tengdapabba

Það eru tvö ár síðan Sólveig gekk að eiga Dhani við hátíðlega og fallega athöfn á æskuheimili hans í Friar Park í Henley. Dhani er einkasonur Bítilsins George Harrison, sem lést árið 2001, og er Sólveig því gift inn í eina frægustu tónlistarfjölskyldu í heimi. Brúðkaupið vakti athygli og birtust fréttir af því í öllum helstu miðlum, meðal annars í bandaríska Vogue sem birti fagra brúðarmynd af hjónakornunum sem ljósmyndarinn Saga Sig tók.

Sólveig er ekki mikið fyrir að flagga einkalífi sínu og gerir lítið úr því að vera tengd inn í fræga fjölskyldu. Í raun er stutt síðan þau tvö létu sjá sig saman opinberlega eins og rauða dreglinum. Núna sér Sólveig hins vegar tækifæri í því að koma fatamerki sínu á framfæri á viðburðunum en viðurkennir að þetta sé ekki það skemmtilegasta sem hún gerir.

„Við skipuleggjum það vel þegar við ákveðum að fara saman eitt-hvert opinberlega þar sem eru ljósmyndarar. Ég veit að þetta er leiðinlegt svar en fyrir mér er þessi


fjölskylda ekkert öðruvísi en hver önnur. Mest hefði ég bara viljað hitta karlinn, sem er faðir mannsins sem ég elska mest.“

Þegar Sólveig gifti sig var það fatahönnuðurinn frægi Stella McCartney sem hannaði brúðarkjólinn. Fatahönnuðurinn er fjölskylduvinnur sem einnig var gestur í brúðkaupinu ásamt föður sínum, tónlistarmanninum Paul McCartney. Sólveig segir Stellu vera mikla fyrirmynd, sem fatahönnuð og einnig sem móður sem tekst að blanda saman fjölskyldulífi og frama. „Við höfum ekki náð að tala saman um Galvan London en það er klárlega eitthvað sem ég ætla að gera enda þekkir hún þetta ferli út og inn. Hún er líka mjög upptekin en tekst á aðdáunarverðan hátt að blanda saman fjölskyldunni og vinnunni. Alveg til fyrirmyndar,“ segir Sólveig sem dreymir um stóra fjölskyldu. „Ég hef alltaf sagt að ég ætli að eiga fimm börn en stóra systir mín, sem á tvö börn, sagði mér að byrja fyrst á einu og sjá svo til,“ segir Sólveig hlæjandi.

## Háleit markmið fyrir framtíðina

Sólveig hélt nýverið upp á þrítugs-afmælið sitt með stórrí veislu í London þar sem þemað var Sound of Music sem er uppáhaldsbíómynd Sólveigar. Hún tekur hækkanandi aldri fagnandi. „Ég finn helst fyrir aldrinum þegar ég kem hingað heim því hér er meiri pressa á mann að stofna fjölskyldu og hefja barneignir. Það þekkest ekki úti enda byrjar fólk seinna að eignast börn, allavega í kringum okkur. Dhani er einkabarn og langar í stóra fjölskyldu svo ef við ætlum í fimm börn þurfum við samt kannski að fara að spýta í lófana, þá erum við að tala um að ég verð meira og minna ólétt næstu tíu árin,“ segir Sólveig skellihlæjandi og heldur áfram: „Í augnablikinu erum við sát í því sem við erum að gera núna. Hann í tónlistinni í LA og ég á fullu með Galvan London sem ég get unnið í hvar sem er í heiminum. Merkið á hug minn allan þessa stundina enda er ég með háleit markmið og drauma fyrir framtíðina. Á maður ekki alltaf að vera með það?“

## Síðkjólar Sólveigar



# Nicorette býður mesta úrval nikótínlyfja

## Hvaða lyfjaform hentar þér?



Nicorette **lyfjatyggigúmmí**  
Mest notaða Nicorette lyfjaformið



Nicorette Invisi **plástur**  
Einfalda lyfjaformið



Nicorette **tungurótartöflur**  
Fyrirferðarlitla lyfjaformið



Nicorette **innsogslyf**  
Sígarettulega lyfjaformið



Nicorette **nefúði**  
Hraðvirka lyfjaformið



Nicorette QuickMist **munnholsúði**  
Skjótvirkasta lyfjaformið



**nicorette**<sup>®</sup>  
Auðveldar þér að hætta að reykja

**nicorette**  
nicotin

**Nicorette nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tobaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsgöstöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsgöstöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki tækist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsgöstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsgöstöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjúfveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisþjúg eða ofsakláða eða eru með alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursyki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, krómíklæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berku (innsogslyf). Yfirferð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmí inniheldur butýlhýdroxytóbúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xyllitól, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með fruktósaþöf ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxybensóat og própýlparahýdroxybensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan öndunarerfðuleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og sneriofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmigu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðgangang og brjóstgjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

## BORGARSTJÓRAR REYKJAVÍKUR 1970–2014

1959-1972



**Geir Hallgrímsson**  
Sjálfstæðisflokkurinn

1972-1978



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON**  
Sjálfstæðisflokkurinn

1978-1982



**Egill Skúli Ingibergsson**  
Vinstriflokkur og Framsóknarflokkur

1982-1991



**Davíð Oddsson**  
Sjálfstæðisflokkurinn

1991-1994



**Markús Ö. Antonsson**



**Árni Sigfússon**  
Sjálfstæðisflokkurinn  
1994

1994-2003



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**  
Reykjavíkurlistinn

2003-2010

2003–2004 Þórofur Árnason  
2004–2006 Steinunn Valdís Óskarsdóttir  
2006–2007 Vilhjálmur P. Vilhjálmsson  
2007 Dagur B. Eggertsson  
2008 Ólafur F. Magnússon  
2008–2010 Hanna Birna Kristjánsdóttir




**Jón Gnarr**  
Besti flokkurinn

2010-2014



**Jón Gnarr**  
Besti flokkurinn



\*2006-2007 Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur 2007-2008 Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylking og Vinstrigræn 2008 Sjálfstæðisflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn 2008-2010 Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í meirihluta.

■ Sjálfstæðisflokkur ■ Framsóknarflokkur ■ Alþýðubandalag ■ Alþýðuflokkur ■ Kvænnaframbod ■ Reykjavíkurlistinn ■ Frjálslyndir og óháðir ■ Samfylkingin ■ Vinstrigrænir ■ Besti flokkurinn ■ Önnur frambod ■ Fjöldi borgarfulltrúa

# R-listinn og upplausnin árin 2006 til 2010 drápu glundroðakenninguna

Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, telur að vinsælir borgarstjórar séu ekki ástæðan fyrir besta gengi Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin. Hann segir að Jón Gnarr hafi reynst vera ábyrgur stjórnmálamaður þrátt fyrir efasemdaraddir á sínum tíma.

Freyr Bjarnason  
freyr@frettabladid.is

**F**ram til ársins 1978 var Sjálfstæðisflokkurinn með hreinan meirihluta í Reykjavíkurborg. Aðspurður segir Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, að galdurinn á bak við það hafi verið tvenns konar.

„Annars vegar tókst honum að fá mun meira fylgi í borgarstjórnarkosningum en í þingkosningum. Tölurverður hópur kjósenda sem kaus hann ekki á landsvísu treysti honum betur fyrir borginni en sínum eigin flokki. Menn töldu að borgin væri tiltölulega vel rekin og glundroðakenningin spilaði inn í,“ segir hann. „Hitt sem skiptir máli er að í mjög mörgum kosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn innan við 50 prósent en reiknikerfið sem við notum, D'Hondt, hyglar stærsta flokknum. Ef þú færð 47 prósent atkvæða í Reykjavík þá verða líkurnar á því þú fái hreinan meirihluta fulltrúa mjög miklar.“

### „Sprungusvæðið við Rauðavatn“

Ólafur vill ekki meina að vinsælir borgarstjórar séu ástæðan fyrir besta gengi Sjálfstæðisflokksins í gegnum árin. „Allir topparnir eru þegar Sjálfstæðisflokkurinn er í stjórnarandstöðu á landsvísu. Þá er óvinsæl vinstristjórn og þá koma landsáhrif inn í borgarstjórnarkosningarnar.“

Vinstrimeirihlutinn fellur árið 1982 þegar Davíð Oddsson býður sig fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ólafur telur að í þeim kosningum hafi vinstrimenn tapað kosningun-

um vegna upplausnar innan þeirra raða, frekar en að sjálfstæðismenn hafi unnið þær. „Það var hins vegar mjög áhugaverð kosningabarátt. Sjálfstæðisflokkurinn gerði út á fá hörð mál undir stjórn Davíðs. Meðal annars lagði hann mikla áherslu á að vinstrimeirihlutinn hefði keypt Íkarus-strætisvagn frá Ungverjalandi sem þótti ekki mjög sniðugt hjá hægrihöndum. En aðalmálið var að vinstrimeirihlutinn væri með stórhættuleg áform um að fara að byggja á því sem kallað var í Morgunblaðinu „sprungusvæðið við Rauðavatn“ og gefið í skyn að það væri lífshættulegt fyrir byggð. En það sem er kaldhæðnislegt við þetta er spurningin hvaða hús stendur núna á sprungusvæðinu miðju. Það eru Hádegismóar þar sem fram- bjóðandinn frá '82 situr í ritstjóra- stól á sprungusvæðinu miðju.“

### Tímamót með R-listanum

Framboð Reykjavíkurlistans árið 1990 markaði tímamót í borgarstjórnarlunum þegar Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samtök um kvænnaframbod þyngdu fram í sameiningu. R-listinn vann þrennar kosningar í röð þangað til hann var leystur upp fyrir kosningarnar 2006. Spurður hvort það hafi verið mistök að leysa listann upp segir Ólafur rök vera bæði með því og á móti. „Ástæðan fyrir því að menn stofnuðu R-listann var aðallega sú að menn vildu koma í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meirihluta út á minnihluta atkvæða, 47-48 prósent. Eftir að R-listinn hætti þá hafa aldrei verið neinar verulegar líkur á því að Sjálfstæðisflokkurinn ætti minnsta möguleika á hreinum meirihluta. Þá minnkar hvatinn til þess að



**ÓLAFUR P. HARÐARSON**

bjóða fram einn lista sérstaklega til höfuðs honum,“ segir hann. „Sjálfstæðisflokkurinn var lengst af með í kringum helming atkvæða. Að hann sé að mælast núna með innan við 25 prósent er grundvallarbreyting á þessu reykvíska flokkakerfi.“

### Glundroðakenningin dreypir

Hver gæti skýringin á dvínandi gengi Sjálfstæðisflokksins verið? „Annars vegar er það væntanlega það að R-listinn og kjörtímabilið 2006 til 2010 hafa gjörumlega drepið glundroðakenninguna. R-listinn drap það að vinstrimenn gætu ekki unnið saman og upplausnin á árunum 2006 til 2010 drap endanlega þá kenningu að Sjálfstæðisflokkurinn væri öðrum flokkum betri í að halda saman heilsteypum meirihluta. Hin skýringin er að fylgi Sjálfstæðisflokksins í þingkosningum hefur verið að minnka.“

Vardandi fjögurra ára valdatíð Besta flokksins og Samfylkingarinnar með Jón Gnarr sem borgarstjóra segir Ólafur að flestir líti svo á að meirihlutinn hafi verið farsæll. „Auðvitað eru menn ósammála um ýmsar stefnuáherslur eins og alltaf en meirihlutinn hefur verið samhentur og það hafa ekki virst vera nein sérstök vandræði í gangi. Það er mikil breyting frá kjörtímabilinu á undan. Síðan hefur komið ýmsum á óvart að flokkur sem sumir töldu að væri grínframbod og að Jón Gnarr væri trúður, þá hefur Jón bara reynst ábyrgur stjórnmála-



**NÆSTI BORGARSTJÓRI?** Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vill um 61 prósent borgarbúa að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, taki við embætti borgarstjóra að loknum kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

### MEIRIHLUTINN ÁFRAM VIÐ VÖLD

Samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu 27. og 28. maí síðastliðinn mun meirihluti Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar, áður Besta flokksins, í Reykjavíkurborg standa sterkur eftir kosningarnar.

Samfylkingin verður sigurvegari kosninganna og fær 35,5 prósent atkvæða og sex borgarfulltrúa, sem er mun betri árangur en fyrir fjórum árum. Björt framtíð tapar nærri helmingi fylgis Besta flokksins úr síðustu kosningum. Björt framtíð mældist með 18,6 prósent atkvæða í könnuninni og fengi samkvæmt því þrjú borgarfulltrúa.

Í könnuninni kom fram að stuðningur við Framsóknarflokkinn hefur aukist verulega og virðist hann öruggur með að ná einum manni inn í borgarstjórn. Flokkurinn fengi 9,2 prósent atkvæða en í könnun Fréttablaðsins sem var gerð í apríl mældist hann með 5,2 prósent atkvæða.

Sjálfstæðisflokkurinn nær aðeins þremur mönnum í borgarstjórn með 22,2 prósent fylgi. Vinstrigræn fá aðeins 5,8 prósent og ná naumlega inn einum borgarfulltrúa. Píratar ná einnig inn einum manni með 7 prósent fylgi.

maður. Að vísu með annan stíl heldur en stjórnmálamaður yfirleitt en ef þú lítur á verkin gæti Jón Gnarr hafa verið úr hvaða flokki sem er. Reyndar hefur hann náttúrulega stólað verulega á embættismenn.“

### Kjörsóknin óvissuþáttur

Margir bíða spennint eftir kosningunum á morgun. Ólafur telur að úrslitinn verði líkast til í takt við skoðanakönnunir. Helsti óvissuþátturinn sé kjörsóknin. „Síðast minnk-

aði hún umtalsvert. Ef hún minnk- arftur umtalsvert er ekki víst að það komi eins niður á öllum flokkum. Þótt framsóknarmenn séu að mælast litlir þá er þeirra hópur líklegri til að mæta á kjörstað. Sérstaklega þeir sem hafa bæst við vegna moskumálsins. En aftur á móti eru stuðningsmenn Pírata mikið til ungt fólk sem gæti verið líklegri til að mæta ekki. Þannig að lítil kjörsókn gæti haft áhrif á niðurstöðu einstakra flokka.“





# Aukum öryggi sjómanna

## – kaupum merki sjómannadagsins

Um aldirnar hefur sjórinn verið helsta auðlind Íslendinga og samgönguæð.

Mikill fjöldi íslenskra sjómanna hefur farist við störf sín á hafinu auk þeirra fjölmörgu sem hafa slasast. Á síðustu áratugum hafa orðið miklar framfarir í slysavörnum og 2008 var fyrsta og eina árið í sögunni án dauðaslysa við Íslandsstrendur.

Öflugar slysavarnir kosta ómælda vinnu og fjármagn – til að geta haldið áfram á sömu braut þurfa allir landsmenn að leggjast á eitt.

Stöndum þétt við bak okkar vösku sjómanna og eflum öryggi þeirra með því að kaupa merki sjómannadagsins 2014. Tökum öll vel á móti sölufólki.

Merkið verður selt víða við hafnir landsins á sjómannadaginn.



## Sýnum stuðning í merki!

# nettó

Kræsingar & kostakjör

**-40%**



**KALKÚNAGRILLSNEIÐAR**  
GRILLPOKI  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

**1.499,-**



**4x2L Coke, Coke Light eða Coke Zero  
ásamt HM bókinni 2014**



**LAMBALÆRISNEIÐAR**  
BLANDAÐAR  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 2.298,-

**1.792,-**



**-40%**

**DANKAKE**  
SÜKKULAÐI  
STYKKJAVEÐ  
VERÐ ÁÐUR 498,-

**299,-**

**Tilboðin gilda 29. maí – 1. júní 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



KJÚKLINGUR  
HEILL - NETTÓ  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 898,-

**799,-**



**-25%**

KJÚKLINGALEGGIR  
2 KG POKAR  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 798,-

**599,-**



**-40%**

GRISABÓGSNEIÐAR  
FERSKAR  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 1.498,-

**899,-**



LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR  
FERSKAR  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 2.589,-

**1.994,-**



**-25%**

NAUTAKÓTELETTA  
PEPPER STYLE 2 STK/PK  
PAKKAVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 3.298,-

**2.474,-**

Kjötbankinn



**-25%**

NAUTAGRILLSTEIK  
USA  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 2.549,-

**3.398,-**

Kjötbankinn



**-50%**

MANGÓ  
SÆTT OG SAFARÍKT FRÁ BRASILÍU  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 498,-

**249,-**



XXL HAMBORGARAR  
FROSNIÐ 6 STK 135 GR  
(ÁN BRAUÐA)  
KÍLÓVERÐ  
VERÐ ÁÐUR 1.298,-

**999,-**

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



# SUMMAR SPRENGJA

## ELLINGSEN

AFSLÁTTUR AF  
VÖLDUM VÖRUM



COLUMBIA DRAINMAKER  
DÖMU- OG HERRASKÖR

**12.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

COLEMAN  
MACKENZIE CABIN  
6 MANNA

**83.930 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 119.900 KR.



RÝMINGAR-  
SALA  
á ýmsum aukahlutum  
fyrir ferðavagna

- Markísur
- Fortjaldsdúkar
- Bakkmyndavél o.fl.

**40-70%  
AFSLÁTTUR**



CAMPING BONECO  
QST S KOLAGRILL

**19.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.

**30%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
BAKÞOKUM**



COLUMBIA  
RAINSTORMER  
HERRA- OG DÖMUJAKKAR

**14.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.


COLUMBIA  
SWEET AS SOFTSHELL  
DÖMUJAKKAR  
LITIR: LAXABLEIKT,  
SVART OG BLEIKT

**12.495 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



SHAKESPEARE  
KASTSTÖNG

**7.490 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



ALLAR  
TVEGGJA HLUTA  
SPÚNA- OG  
MAÐKASTANGIR  
**50%  
AFSLÁTTUR**



ÚTIVISTARBUXUR  
FYRIR BÖRN  
OG FULLORÐNA  
**30%  
AFSLÁTTUR**

COLUMBIA COMBIN  
GÖNGSKÖR  
Dömu- og herrastærðir

**11.997 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.



**70%  
AFSLÁTTUR AF  
COLUMBIA LEÐUR-  
OG RÚSKINNSSKÓM**

SHAKESPEARE  
KASTSTÖNG

**7.490 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

BARNAFLÍS  
Í MIKLU ÚRVALI  
**30%  
AFSLÁTTUR**



COLEMAN  
ÚTILEGUSTÓLL

**7.194 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.



SHAKESPEARE  
VEIÐIHJÓL MEÐ LÍNU

**3.490 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 6.490 KR.



DEVOLD  
OPTIMUM JAKKI  
Dömu- og herrastærðir  
XS-XXL

**14.995 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



COLUMBIA  
SWEET AS SOFTSHELL  
HERRAJAKKAR  
LITIR: RAUÐUR, GRÆNN,  
BLÁR OG ORANGE

**12.495 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



DAXARA 158 BÍLAKERRA  
Tvöfaldar hliðar  
og sterk aurbretti

**144.000 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 174.500 KR.

SUNDFÖT Á ALLA  
FJÖLSKYLDUNA  
FRÁ ARENA  
**30%  
AFSLÁTTUR**

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



MEÐ HUNDINN ELLU Marín hefur búið á Skagen frá árinu 1987 og unir hag sínum vel.



INNANHÚSS Listaverkin njóta sín vel í m gallerii. Listamenn víða að úr heiminum sýna þar verk sín.

# Opnaði gallerí í miðju málverki

Á Skagen, nyrsta odda Danmerkur, þar sem öldur Skagerraks og Kattegats kyssast án afláts, sandurinn er hvítur og birtan engu lík, þar býr **Marín Magnúsdóttir**. Hún vakti gallerí sitt nýlega af nokkurra ára blundi enda hefur Skagen löngum verið eftirlæti listunnenda.



**GALLERÍÐ** Um hásumarið er opið sex daga vikunnar. MYNDIR/TORBEN RAHN

„Skagen er eins og tveir ólíkir bæir eftir árstíðunum. Hér er náttúran sterk, fólkið gott og sem Íslendingi finnst mér ég vera á besta stað í Danmörku.“

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Það virðast allir hafa verið jafn hungraðir eftir að fá galleríð aftur eins og ég að byrja. Sem er gott,“ segir Marín Magnúsdóttir sem nýlega opnaði aftur listagallerí á Skagen, nyrst á Jótlandi, nú undir nafninu m galleri. Hún segir lífið yndislegt á Skagen sem er næstum eins og eyja, ekkert nema strendur og sandur í kring og birtan einstaklega rómantísk. Hvernig skyldi hana hafa borið þangað? „Ég kom hingað með manni sem var í kvikmyndabransanum en okkar leiðir skildi fljótlega. Ég byrjaði að vinna í gallerí við höfnina með rússneskum listamönnum og upp úr því kynntist ég núverandi eiginmanni mínum, Knud Degn Karstensen, sem á og rekur hér skipasmíðastöð, Karstensen Skibsværft. Eftir það breyttist tilvera mín til batnaðar þannig að það var einhver meining með þessu öllu.“

Reyndar er húsið hennar Marínar aðeins utan við bæinn. „Ég bý úti í heiði með honum Knud mínum, hestunum, hundi og ketti,“ segir hún glaðlega. „Er með níu íslenska hesta og hef fengið mikið hrós fyrir þá. En ég datt af baki fyrir nokkrum árum og meiddi mig illa svo ég stunda ekki útreiðar lengur, þess vegna fór ég í staðinn að rækta hesta og gengur bara vel.“

## Alþjóðleg sýning

Marín er dóttir Magnúsar Thorvaldssonar blikksmiðs, sem er látinn fyrir nokkrum árum, og Önnu Gestsdóttur ljósmóður, sem Marín lýsir sem hörkuduglegri konu. Marín á þrjú börn með fyrri manni sínum, Ólafi Schram, þau Magnús Orra, Ellert Kristófer og Önnu Marín. Eiginmaður hennar, Knud Karstensen, á einnig þrjú börn. „Öll börnin okkar eru vel gift og hamingjusöm, strákar mínir búa á Íslandi og Anna Marín í Árósum,“ lýsir Marín og segir þau Knud Degn eiga fimmtán barnabörn og hún eitt langömmubarn. „Þetta er stór fjölskylda,“ segir hún ánægjuleg.

Nú er allur gróður útsprunginn á Skagen, enda komið sumar. Marín segir staðinn laða að sér ferðamenn í stórum stíl, um milljón manns keyri þar í gegn á ári. Nyrsti tanginn, Grenen, þykir einstakur þar sem öldurnar út af honum mætast og teygja sig upp með tilþrifum. „Á sumrin er hér fullt af ferðamönnum en svo er rólegt á veturna, þannig að Skagen er eins og tveir ólíkir bæir eftir árstíðunum.“

Hér er náttúran sterk, fólkið gott og sem Íslendingi finnst mér ég vera á besta stað í Danmörku.“

En þótt Marín sé ánægð með Skagen þá finnst henni rokið þar stundum fullmikið. „Vestanvindurinn er stífur hér. Hann getur orðið svo hvass að ég sitji uppi með lauflaus tré á miðju sumri.“

En eru Íslendingar tíðir gestir á Skagen? „Ég verð ekki mikið vör við þá, fyrir utan fjölskyldu og vini sem koma í heimsókn. Stundum hitti ég landa sem hafa verið við nám í Árósum eða Álaborg og alltaf verið á leiðinni hingað en ekki látið verða af því. En Norræna stoppar í Hirsthals og þaðan er bara rúmlega hálf tíma keyrsla hingað svo það ætti ekki að vera mikið mál fyrir fólk að kíkja.“

Listamenn frá Rússlandi, Hollandi, Danmörku og Íslandi eru með verk núna í m gallerii, að sögn Marínar. Svo verður ný sýning sett upp í lok júní og sú þriðja í lok júlí. Þrjár til fjórar sýningar eru fyrirhugaðar á ári og um hásumarið er opið sex daga vikunnar.

## Skagen eftirlæti málara

Marín segir Skagen eftirsóttan af listamönnum og mörg gullaldarmálverk hafa orðið til þar. Því má segja að hún búi í miðju málverki.

Í bænum segir Marín líka frægt listasafn, Skagen Museum, sem hafi sterkt aðdráttarafl. Um tíma kveðst hún hafa rekið gallerí undir nafninu Galleri Katedralen. „En fyrir um fimm árum var bankakrísan alveg að fara með mig. Það var líka brotist inn í galleríð og framíð rán þannig að ég missti helminginn af sumarsýningunni það árið. Þá lokaði ég og fór bara að sinna betur ræktun íslenskra hesta,“ lýsir hún. „Nú ákvað ég að byrja aftur með listsýningarnar og gengur alveg glimrandi vel.“

**Milwaukee**

Nothing but **HEAVY DUTY.**

# VERKFAERA

## Salan



Milwaukee bíllinn verður með kynningar á Íslandi dagana 27. maí til 11. júní.

Fylgstu með í blöðum og sjónvarpi hvenær bíllinn verður nálagaþér.  
Komdu og prófaðu Nýjustu tækin.



Sérfræðingarnir frá Milwaukee verða í verslun okkar í Síðumúla 11 Þriðjudaginn 3. júní. Grill og Gos frá kl. 11.00

2 Reiðhjól í vinning! Allir sem kaupa Milwaukee vél fara í pottinn. Dregið verður þann 11. júní 2014

Happdrætti!



### TILBOÐ

KR. 169.900,-



#### MONSTERSETT M18 PP6D-402B

Höggborvél, Sverðsög, Hjólsög, Stingsög, Höggskrúfvél, Vinnuljós, 3 x 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður, Hleðslutæki (60 min.), Verkfærataaska. MW 4933 4474 00

### TILBOÐ

KR. 99.900,-



MS 216SB + MSL1000 Geirungssög með borði 216mm geirungssög með Sögun 270 60mm Borðlengd: 1,08m - 2,08m

MW 4933 4193 00  
+  
MW 4933 4289 70

### TILBOÐ

KR. 199.900,-



#### OFURSETT M18 CPP6A-402B

Höggborvél, Sverðsög, Höggskrúfvél, Hjólsög, Slípirokkur, Vinnuljós, 3 x 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður, M12 -18C hleðslutæki (80 min.), Verkfærataaska. MW 4933 4469 35

#### M18 BPD-302C

Höggborvél  
13mm. Patróna  
Afl: 60 Nm  
Hraðar Sn/mín:  
0-400/0-1500 Sn/mín.  
2x3,0 Ah  
REDLithium rafhlöður  
Hleðslutæki og taska.



### TILBOÐ

MW 4933 4471 20

KR. 49.900,-

#### M12 BPD-402C

Höggborvél  
10mm Patróna  
Afl: 38 Nm.  
Hraðar Sn/mín:  
0-400/0-1500 Sn/mín.  
2 x M12 4.0 Ah  
REDLithium rafhlöður,  
Hleðslutæki, handfang,  
beltishanki og taska.



### TILBOÐ

MW 4933 4419 35

KR. 36.900,-

#### M12 CPD-402C

Höggborvél  
13mm Patróna  
Afl: 44 Nm  
Hraðar Sn/mín:  
0-450/0-1700  
2 x M12 4.0 Ah  
REDLithium rafhlöður,  
Hleðslutæki, handfang,  
beltishanki og taska.



### TILBOÐ

MW 4933 4403 75

KR. 49.900,-

#### SLÍPIROKKUR AG 750-125

Mótor: 750 W  
Skífur: 125mm  
Sn/mín: 10.000  
Þyngd: 1,8 Kg  
mw 4933 4191 80



### TILBOÐ

KR. 7.900,-

#### SLÍPIROKKUR AG 10-125

Mótor: 1000W  
Skífur: 125mm  
Sn/mín: 11.000  
Þyngd: 2,1 Kg  
mw 4933 4403 30



### TILBOÐ

KR. 11.900,-



M12 4.0 Ah Rafhlaða  
Við kaup á 12 volta vélum veitist sérstakt tilboðsverð á rafhlöðum. Rétt verð Kr. 23.900,-  
MW 4932 4300 65

Aðeins Kr. 7.500,-

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899.  
Tölvupóstfang: vfs@vfs.is Heimasíða: www.vfs.is

Öll verð eru með Vsk. Verðin gilda til 11. júní 2014  
Með fyrirvara um myndbrenslu og prentvillur.  
eða á meðan birgðir endast.

**Milwaukee**

Nothing but **HEAVY DUTY.**

# KRÓNAN



- fyrst og fremst  
ódyr!

# GRANDA GLEÐI!

## ENDURBÆTT OG BETRI VERSLUN

Krónan Granda hefur fengið andlitslyftingu og verið bætt til að auka þjónustu við viðskiptavini. Krónan þakkar sýnda þolinmæði meðan á framkvæmdunum stóð. Í tilefni af enduroppnun verslunarinnar bjóðum við upp á glæsileg opunartilboð alla helgina og sérvörumarkað með ótrúlegt úrval á hlægilegu verði.



**DAGSKRÁ  
Á GRANDA!**  
HÁTÍÐ Á LAUGARDAG KL. 13-16

- Grill
- Hoppukastali
- Andlitsmálun
- Candyfloss
- Blöðrudýr



Tilboðin gilda eingöngu í Krónunni Granda



# SÉRVÖRU- MARKAÐUR



100 KR.

300 KR.

500 KR.

1.000 KR.

ÓTRÚLEGT ÚRVAL  
AF SÉRVÖRU  
Á HLÆGILEGU  
VERÐI

## AÐEINS FJÖGUR VERÐ



# OPNUNAR TILBOÐ!

FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS  
30. MAÍ- 1. JÚNÍ

**25%**  
afsláttur

**238** kr. kg

Verð áður 317 kr. kg  
Sætar kartöflur



**25%**  
afsláttur

**3358** kr. kg

Verð áður 4498 kr. kg  
Lambafille m/fiturönd

**33%**  
afsláttur

**299** kr. pk.

Verð áður 449 kr. pk.  
Nektarínur, 500 g box

Tilboðin gilda eingöngu í Krónunni Granda

## ÓÁNÆGJUFLOKKAR Á EVRÓPUPINGINU STANDA BETUR AÐ VÍGI



**NIGEL FARAGE**  
Leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP) ætlar að skemmta sér konunglega á komandi kjörtímabili.




**BEPPE GRILLO** Leiðtogi Fimmstjörnuhreyfingarinnar á Ítalíu boðar uppreisn á Evrópuþinginu.



**MARINE LE PEN** Leiðtogi Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi segist bjartsýn á að geta myndað nýtt bandalag hægri þjóðernisflokka.

- Flokkar hægri ESB-andstæðinga, efa-  
manna og þjóðernissinna
- Flokkar vinstri ESB-andstæðinga og  
aðhaldsandstæðinga
- 👤 Fjöldi fulltrúa á  
Evrópuþinginu
- 📊 Fylgi í  
heimalandinu



**MORTEN MESSERSCHMIDT** Leiðtogi danska Þjóðarflokksins vill í samstarf með David Cameron og breska íhaldsflokknum.



**ALEXIS TSIPRAS** Leiðtogi gríska vinstri-flokksins Syriza vill nota sigurinn á Evrópuþinginu til að þrýsta á um kosningar í Grikklandi.

### ÞINGHÓPARNIR Á EVRÓPUPINGINU

Á Evrópuþinginu skipa þingmenn sér í svonefnda þinghópa, eða flokkabandalög. Að hverjum þinghópi standa stjórnálflokkar frá mismörgum aðildarríkjum, sem allir hafa svipaða stefnu í flestum málum. Skipting þingsæta milli hópanna næsta kjörtímabilið verður eftirfarandi:

Hópur kristilegra demókrata **214**  
Hópur sósíaldemókrata **189**  
Hópur frjálslyndra demókrata **66**

Hópur græningja **52**  
Hópur íhaldsmanna **46**  
Hópur sameinaðra vinstrianna og norrænna græningja **42**

Frelsis- og lýðræðishópurinn **38**  
Óháðir **104**

Samtals **751**

# Stefnan er að valda usla

Næstu fimm árin verða andstæðingar Evrópusambandsins áberandi á Evrópuþinginu. Þetta er frekar sundurleitur hópur skrautlegra einstaklinga sem gætu átt erfitt með að starfa saman. Þeir verða ekki í meirihluta en gætu haft áhrif á einstaka mál þegar stóru flokkarnir verða ósammála. Nigel Farage segist ætla að skemmta sér stórkostlega næsta kjörtímabil.

**Guðsteinn Bjarnason**  
gudsteinn@frettabladid.is



**N**igel Farage, leiðtogi Breska sjálfstæðisflokksins (UKIP), segist ætla að skemmta sér konunglega við að valda sem mestum usla á Evrópuþinginu næsta kjörtímabil.

Honum hefur bæst býsna fjölmennur liðsáuki Evrópuandstæðinga frá fjölmörgum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Þetta er hins vegar frekar sundurlaus hópur misskrautlegra einstaklinga sem gætu átt erfitt með að starfa saman. Þeir verða engan veginn í meirihluta á þinginu, en gætu haft áhrif á einstaka mál þegar stóru flokkarnir verða ósammála.

Strax nú í vikunni eftir þingkosningarnar hófust þreifingar um samstarf og myndun nýrra þinghópa þjóðernissinna og Evrópuandstæðinga á þinginu.

#### Beppe Grillo og flautukórinn

Farage og hinn ítalski Beppe Grillo, leiðtogi Fimmstjörnuhreyfingarinnar á Ítalíu, hittust á miðvikudag í Brussel og borðuðu saman hádegismat.

„Mikill persónuleiki. Gríðargaman að umgangast hann,“ sagði Farage á Twitter-síðu sinni. Í tilkynningu frá UKIP segir Farage: „Ef við getum komist að samkomu-lagi, þá getum við skemmt okkur stórkostlega við að valda miklum

usla í Brussel.“ Og eftir Grillo er haft: „Við erum uppreisnarmenn með markmið, og við munum ganga fylktu liði flautandi.“

Ætli hann sé ekki að vísa þar í Brúna yfir Kwai-fljótið, eftirminnilega bíómynd frá árinu 1957 sem fjallar um uppreisn breskra hermanna í grimmilegum fangabúðum Japana.

Ekki hefur reynt auðvelt að staðsetja Fimmstjörnuhreyfinguna, enda hefur hún hvorki hallað sér til hægri né vinstri heldur fyrst og fremst stundað óvægna andstöðu gegn valdi almennt, með misundarlegan hómur og ólíkindalæti að vopni.

#### Le Pen og harðskeytta liðið

Fyrir kosningarnar höfðu Marine le Pen, leiðtogi Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi, og Geert Wilders, leiðtogi Frelsisflokksins í Hollandi, boðað samstarf og vonuðust til að geta myndað nýjan þinghóp þjóðernissinnaðra Evrópuandstæðinga. Óvíst er hvort það tákist, en Marine le Pen kannaði stöðuna á miðvikudag og komst að því að flokkar frá fimm ríkjum eru til í slaginn.

Til þess að geta myndað þinghóp á Evrópuþinginu þarf að lágmarki 25 þingmenn frá að minnsta kosti 7 löndum. Þetta skiptir máli því formlegt samstarf í þinghópi tryggir fé frá ESB og rétt til að láta að sér flokkar sem standa utan þinghópa.

Ekkert vandamál verður fyrir Le Pen að ná saman 25 þingmönnum, enda er franska Þjóðarfylkingin ein og sér komin með 24 þingmenn.

Hins vegar gæti orðið vandamál að fá flokka frá að minnsta kosti sjö löndum.

Með í væntanlegum þinghópi þeirra le Pen og Wilders verða að minnsta kosti franska Þjóðarfylkingin, hollenski Frelsisflokkurinn, austurríski Frelsisflokkurinn, Vlaams Belang frá Belgíu og svo Norður-Bandalagið frá Ítalíu, sem hingað til hefur ekki verið í þessum hópi.

Þá vantar flokka frá tveimur ríkjum til viðbótar, en le Pen segist sannfærð um að henni tákist það í tæka tíð. Hún hefur nokkrar vikur til umráða. Í síðasta lagi þann 23. júlí næstkomandi þarf að liggja fyrir hvaða stjórnálflokkar frá hvaða löndum skipa þinghópa Evrópuþingsins næsta kjörtímabilið.

#### Farage og félagar

Farage hefur harðneitað að ganga til liðs við þau le Pen og Wilders, vill ekki láta draga sig í dilk með hálfásiskum þjóðernissinum – enda gæti sá félagsskapur hugsanlega fælt breska kjósendur frá flokknum í þingkosningum sem haldnar verða á Bretlandi innan árs.

Þess í stað vill Farage halda í samstarf hægri þjóðernissinna á Evrópuþinginu í þinghópi sem nefnist hefur Evrópa frelisis og lýðræðis. Þar innanborðs hafa verið Breski sjálfstæðisflokkurinn, danski Þjóðarflokkurinn, Flokkur sannra Finna og svo ítalska Norðurbandalagið ásamt fleirum.

Óneitanlega er það áfall fyrir þennan hóp að ítalska Norðurbandalagið hefur nú gengið til liðs við Le



**HNÍPNIR FORSETA** Helstu forystumenn valdastofnana Evrópusambandsins, þeir Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðsins, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, voru heldur þungir á brún eftir kosningarnar, þar sem andstæðingar þeirra uppskaru sætan sigur.

Pen og Wilders. Þessir hófsamari þjóðernissinnar, sem ekki vilja láta bendla sig við Le Pen og Wilders, gætu hæglega lent í stökustu vandræðum við að tryggja tilveru þinghópsins næsta kjörtímabilið.

#### Og svo hinir

Fyrir utan þessa hópa voru svo kosnir á Evrópuþingið flokkar af ýmsu tagi, sem hafa lýst yfir misjafnlega miklum efasemdum um Evrópusambandið. Þar eru meðal annars vinstri flokkar frá Grikklandi og Spáni, ýmsir smærri flokkar frá Búlgaríu og Þýskalandi að ógleymdum nýjum fémínistaflokki frá Svíþjóð.

Yst á jaðrinum er svo Gullin dögur, flokkur grískra nýnasista, sem vilja reyndar ekki láta kalla

sig nasista en hafa samt hagað sér sem slíkir og eru jafnan skilgreindir sem slíkir. Ungverski Jobbik-flokkurinn og þýski NPD-flokkurinn eru svo ekki langt þar undan, og að öllum líkindum verða þessir þrír flokkar sér á báti og fá hvergi inni í þinghópi með öðrum flokkum.

Hófsömustu efasemdammennirnir eru hins vegar íhalds- og hægri-flokkarnir í þinghópi sem nefnist Evrópskir íhaldsmenn og umbótasinnar. Þar er að finna breska íhaldsflokkinn, með David Cameron forsætisráðherra í fararbroddi. Niðurstöður kosninganna skiluðu þessum þinghópi hins vegar aðeins flokkum frá fimm löndum, þannig að til þess að hann geti starfað áfram þarf fulltrúa frá tveimur aðildarríkjum til viðbótar.

# FERÐIR

## &ÚTILEGA

**Kynningarblað** Skátaferð, hjólaferð, heimsreisa á húsbíl, Afríka, tjaldferð, ráð og afþreying.



Með hinu nýja appi Símans geta ferðalangar skoðað veðurspá morgundagsins.

## Sjónvarp og tónlist í útilegunni

Hið nýja app Símans gefur viðskiptavinum fyrirtækisins kost á að horfa á sjónvarpsdagskrá í útilegunni. Hægt er að fylgjast með fréttum og veðurfréttum auk þess sem HM í fótbolta hefst í júní. Samstarf við tónlistarveituna Spotify tryggir upphaldstónlistina í útilegunni.

Útilegur eru einstækt fyrirbæri. Flestir eru vel búnir hvað ferðataekin varðar. Góð aðstaða er víðast hvar þar sem yfirleitt er hægt að finna rennandi vatn, ísskáp og rafmagn. Auk þess eru mörg tjaldsvæði farin að bjóða upp á þvottaaðstöðu fyrir fatnað svo hægt sé að vera eins lengi í guðsgrænni náttúrunni og hægt er. Hingað til hefur þó eitt veigamikilið atriði verið vandamál að sögn Njáls Þórðarsonar, vörustjóra hjá Símanum. Það er að oft er erfitt að sjá sjónvarpsfréttir, veðurspá fyrir næsta dag,



Njáll Þórðarson, vörustjóri hjá Símanum.

ad leyfa krökkunum að horfa á barnaefni svo ekki sé nú minnst á HM í knattspyrnu sem hefst 12. júní. „Undanfarin ár hafa landsmenn tekið snjalltækjabyltingunni opnum örmum og iPad-spjaldtölvur og iPhone- og Samsung-snjallsímar er orðin algeng eign. Ef notendur snjalltækja eru með Sjónvarp Símans á heimili sínu er nú sá möguleiki fyrir hendi að nýta þá þjónustu á tjaldsvæðum vítt og breitt um landið.“

### Opnunarleikur HM

Nýverið setti Síminn á markað sérstakt app svo hægt er að horfa á sjónvarpið í gegnum síma og spjaldtölvur. Hægt er að hlaða appinu niður, para á einfaldan hátt við Sjónvarp Símans og horfa hvar og hvenær sem er. „Í appinu er hægt að horfa á útsendingar ýmissa sjónvarpsstöðva. Ef viðkomandi hefur áskrift að Stöð 2 sem dæmi verður sjónvarpsstöðin sjálfkrafa opin. Sama gildir um allar innlendar áskriftarstöðvar. Einnig er hægt að horfa á Frelsi sjónvarpsstöðvanna og nota tímaflakk. Ef ferðalangar eru uppteknir við kolagrillið þegar veðurfréttir fara í loftið er einfaldlega hægt að spóla til baka og horfa á þær meðan legið er á meltunni. Þá er einfalt að ákveða hvert ferðinni er heitið næst eða hvort eyða eigi lengri tíma á sama stað.“

Það hefur ekki farið fram hjá landsmönnum að HM í knattspyrnu hefst í Brasilíu 12. júní. „Síminn hefur tekið ákvörðun um að gefa þeim farsímaviðskiptavinum Símans sem hafa appið kost á því að horfa á opnunarleik HM og aðra valda leiki, án þess að greiða fyrir gagnamagnið á farsímaáskriftinni aukalega.“



Það er góð tilfinning að liggja úti í náttúrunni og hlusta á tónlist í gegnum tónlistarveituna Spotify.

MYNDUR EINKASAFNI

### Tónlist á ferðalögum

Annað sem er mjög mikilvægt í góðri útilegu að sögn Njáls er góð tónlist. Síminn hóf samstarf við alþjóðlegu tónlistarveituna Spotify á síðasta ári. „Það sem nýtist best í útilegunni er svokallað „Offline mode“. Þá geta notendur Spotify Premium hjá Símanum sett upp lagalista áður en lagt er í hann og einfaldlega smellt á „offline mode“. Við það

sækir Spotify lagalistann í tækið og þá er hægt að hlusta, án þess að það sé netsamband.“

Einnig býður Síminn upp á ýmsan búnað í verslunum sínum til að tengja snjalltækið við hljómtæki bílsins svo upphaldstónlist hvers og eins geti alltaf hljómað undir akstrinum. „Mikið magn af vinsælli tónlist, bæði íslenskri og erlendri, er á Spotify. Til að einfalda sér

vinnuna við að búa til lagalista er einfaldast að leita eftir upphaldslögnum sínum, finna þau í lagalistum sem nú þegar er til og smella á „follow“. Ef lagalistinn er til fyrirmyndar þarf bara að muna að setja hann á „Offline mode“ og setja allt í botn.“

Appið fyrir Sjónvarp Símans, sem og Spotify, má finna í App-Store og Google Play. Nánari upplýsingar má finna á Siminn.is.



Siglt verður á milli eyja í Kvarner-flóanum. Þátttakendur gista um borð í bátinum Poseidon.

## Ævintýraferð til Króatíu

Ferðaskrifstofan Íslandsvinir býður upp á útivistarferðir víðs vegar um Evrópu. Að öðrum ólöstudum verður hjólaferð í september um eyjarnar í Kvarner-flóanum í Króatíu að teljast sérstæðust þeirra.

Brandur Jón Guðjónsson verður fararstjóri í ferðinni. „Kvarner-flóinn er fallett og sólríkt svæði og þar eru margar eyjur. Farið er um nokkrar þeirra stærri á reiðhjólum. Þátttakendur munu gista og snæða morgun- og kvöldverði um borð í bátinum Poseidon. Á meðan hjólað er um tiltekna eyju siglir báturinn í aðra höfn til að taka hópinn um borð aftur og síðan er farið yfir að þeirri næstu,“ útskýrir Brandur.

Hann segir dagleiðirnar vera 25–55 kílómetra og yfirleitt er hjólað um góða vegi og stíga. „Ég hvet fólk til að gefa sér tíma til að stoppa og líta í kringum sig og upplifa það sem fyrir augu ber – að njóta augnabliksins.“

Fyrst og fremst er um að ræða ævintýraferð um Kvarner-flóann í Króatíu en auk þess er gíst þrjár nætur í Ljubljana, höfuðborg Slóveníu og farið um hana bæði hjólandi og gangandi.

Ferðin stendur yfir frá 11. til 21. september en vikuna á undan verður boðið upp á aðra og meira krefjandi ferð um nokkrar af perlum Slóveníu,“ segir Brandur og hvetur áhugasama til að kíkja inn á heimasíðu Íslandsvinir [www.islandsvinir.is](http://www.islandsvinir.is). Þar er hægt að fá allar nánari upplýsingar um ferðir skrifstofunnar. Eins er hægt að hringja í síma 510-9500 eða senda fyrirspurnir á netfangið [info@explorer.is](mailto:info@explorer.is)

# Gekk á virkt eldfjall

Bragi Björnsson skátahöfðingi segir börn verða að fá að reyna á sig til að læra á umhverfið og meta aðstæður. Það hafi hann lært í skátunum.

**E**ftirminnilegasta ferðin er sennilega heimsókn til skátavina minna í Síle 2003 þar sem við gengum meðal annars upp á virkt eldfjall,“ segir Bragi Björnsson skátahöfðingi.

„Við Íslendingarnir vildum ólmir ganga á fjallið en sílesku vinir okkar urðu eftir. Við máttum aðstæður svo að engin hætta væri á ferðum og fylgdum eftir öðrum hópi. Okkur brá þó illilega þegar við settumst niður á toppnum með nestið og fjallið fór að hristast og yfir okkur rigndi gjósku. Við vorum fljótir niður.“

### Í felum fyrir herlögreglu

Eftir eldfjallaævintýrið var ferðinni heitið til Atacama-eyðimerkurinnar í Síle þar sem félagarnir gistu undir berum himni í Moon Valley. Hita-stigið fór vel undir frostmark um nóttina og yfir 40 stig yfir daginn.

„Við vorum sérstaklega spennir að skoða Moon Valley því þangað fóru fyrstu geimfararnir til að æfa sig. Parna þrífst nánast ekkert líf enda enginn raki í loftinu en við ákváðum að gista. Afgreiðslumaður í ferðamannaverslun ráðlagði okkur þá að láta lítið á okkur bera. Við komumst svo að því seinna að það er bannað að gista í dalnum og herlögregla fylgdist stöðugt með svæðinu. Við sluppum með skrekkin,“ segir Bragi hlæjandi.



Bragi ásamt krökkunum sínum í ævintýralegrri göngu upp Fjaðurárgljúfur. Hann segir að börn læri að njóta náttúrunnar og meta hættur ef þau fá að reyna dálítið á sig. MYNDÁR EINKASAFNI

### Ávallt viðbúinn

Bragi segir slíka ferðamennsku krefjast reynslu. Kunnáttu þurfi til að meta aðstæður og hana hafi hann öðlast í skátunum.

„Við skátar erum ávallt viðbúinir og það er ástæða þess að maður treystir sér í svona ferðir. Þetta er ég að reyna að kenna börnunum mínum og uppáhaldsstaður fjölskyldunnar er Fjaðurárgljúfur. Til að komast upp eftir gljúfrinu þarf að vaða yfir ána þvers og kruss. Sonur minn 10 ára var óhræddur við að vaða í ísköldu vatninu en sex ára

dóttir mín þurfti aðeins lengri tíma til að hafa sig út í. En verðlaunin eru ævintýraleg. Gljúfrið er ótrúlega fallett, eins og að vera staddur í miðri Hringadróttinssögu,“ segir Bragi.

„Við eigum að ögra krökkunum okkar með því að láta þau takast á við náttúruna og fá þeim stigvaxandi verkefni í styttri ferðum. Þannig læra þau á hættur en njóta landsins á góðan og skemmtilegan hátt. Við eigum ekki að segja þeim að vatnið sé blautt og kalt, þau verða að komast að því sjálf. Börn geta miklu meira en við höldum.“

BMW X5  
[www.bmw.is](http://www.bmw.is)

# AKTU FRAMFÖRUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bill í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla díselvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

**Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!**

**BMW X5 - 5,8 l/100 km.\* Verð frá 10.490 þús. kr.**

**BMW EfficientDynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.

**BL**

\*Miðað við uppgefna viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



Síminn 

# Vertu í sterkara sambandi í sumarfríinu

**4G**  
LTE

[www.siminn.is](http://www.siminn.is)

Með 4G búnaði, beini eða loftneti kemstu í sterkara samband og getur horft á sjónvarp, streymt tónlist og verið á þráðlausu neti. Nú, eða sinnt aðkallandi verkefnum í vinnunni án þess að þurfa að rjúka í bæinn.

Með Aukakorti geturðu nýtt sömu netáskriftina í allt að þremur tækjum. Uppfærðu í 4G og auðveldaðu þér lífið í sumar.

**Kynntu þér málið á [siminn.is](http://siminn.is)**

\*Verð miðast við 6 mánaða bindingu í 3G/4G Netáskrift sem er stærri en 1GB.



**4G Netlykill**  
.....  
**790 kr.**  
á mánuði í 12 mánuði\*  
.....  
Staðgreitt: 7.990 kr.  
.....



**4G MiFi**  
.....  
**690 kr.**  
á mánuði í 24 mánuði\*  
.....  
Staðgreitt: 13.990 kr.  
.....



**4G Netbeinir**  
.....  
**1.090 kr.**  
á mánuði í 24 mánuði\*  
.....  
Staðgreitt: 23.990 kr.  
.....

# Heimsreisa á húsbílum

Tvær fjölskyldur lögðu haustið 2000 af stað í ævintýrlega húsbílaferð um heiminn. Í tíu mánuði flökkðu þau frá Íslandi, gegnum Evrópu og Afríku til Suður- og síðar Norður-Ameríku. Ferðin var lærdómsrík fyrir hina fullorðnu en ekki síst fyrir börnin þrjú.

Okkur var búið að dreyma lengi um að fara í heimsreisu en það var jólin 1999 sem við tókum ákvörðun og byrjuðum að skipuleggja,“ segir Eyrún Björnsdóttir sem hélt ásamt manni sínum, Stefáni Gunnarsyni, börnum þeirra tveimur, vínahjónum og barni þeirra í tíu mánaða heimsreisu á húsbílum haustið 2000.

„Við höfðum ekki sagt neinum frá plönnum okkar þegar vínahjón okkar komu í heimsókn og ráku augun í allar ferðabækurnar sem við höfðum safnað að okkur. Úr varð að þau ákváðu að koma með,“ segir Eyrún en þeim þótti styrkur í því að vera á tveimur bílum.

Upphafleg heimsreisuplön voru raunar lögð til hliðar þar sem ljóst var að eitt ár nægði ekki til slíkrar farar. „Við ákváðum því að halda okkur við Evrópu, Afríku, Suður- og Norður-Ameríku.“

## Innréttaði sjálf húsbílinn

Þau hjónin ákváðu að breyta 15 manna Econoline-bíl sem þau höfðu notað í túristaakstur, í húsbíl. Eyrún er innanhússarkitekt og hannaði innréttingarnar sjálf. „Ég passaði að vera með rúm fyrir fjóra, lítið eldhús, ísskáp og gaseldavél,“ segir hún, en ekki var hægt að hefjast handa við inn-

réttingu fyrr en stuttu fyrir brottför. „Stefán var að keyra ferðamenn fram á síðustu stundu, kom í bæinn viku fyrir brottför. Þá hófst kapphlaup við að raða inn í bílinn,“ segir Eyrún glettin en kunningjar þeirra keyptu einnig Econoline-húsbíl.

Ferðalangarnir fóru með Norrænu til Danmerkur. Farið var hægt í fyrstu. „Við græjuðum bílana betur og nýttum okkur gott úrval húsbílaferðslana í Þýskalandi. Þá stoppuðum við í viku í Bonn til að safna vegabréfsáritunum. Eftir vikudvöl hjá föður Stefáns á Spáni var haldið út í óvissuna.

## Hundrað ár aftur í tímann

Nú var siglt með ferju til Marokkó. „Það var eins og að fara hundrað ár aftur í tímann. Síðan ókum við inn í Sahara þar sem víða voru engir vegir og við ókum fjörur með hjálp gps-tækis. Fórum síðan inn til Míritaníu, gegnum Malí, Níger og Tsjad,“ segir Eyrún. Vegna óeirða í Mið-Afríkuríkjunum reyndist örðugt að fá vegabréfaávisun til Súdans og um tíma leit út fyrir að þau þyrfti að snúa við. En með sannfæringarkraftinn á lofti tókst þeim að kría út áritun.

Þeim hafði verið sagt frá fal-



Ýmislegt bar fyrir augu fjölskyldunnar á ferðalagi þeirra um heiminn. Til dæmis þessa filahjörð.



Á hverjum morgni settust börnin við borð fyrir framan bílana og lærðu.



Eyrún og Stefán með börnin sín tvö.

“Færðu útileguna á hærra plan og tjaldaðu á toppnum”



[www.topptjald.is](http://www.topptjald.is)

SONOS FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



legri öskju og vatni í Súdan sem þau langaði mikið að skoða. „En við fengum hvergi að beygja út af veginum vegna vegatálma. Eitt sinnið vorum við þó svo heppin að einn hermaðurinn þurfti að komast heim til sín í þorpið sitt. Hann fékk far á toppi bílsins með stóru byssuna sína og við fengum að skoða hina óviðjafnanlegu öskju.“

## Sökuð um iðnaðarnjósnir

Í Eþíópíu réðu ferðalangarnir ungan dreng sem leiðsögumann. „Þegar við vorum rétt komin inn í landið sáum við stóra bruggverk-smiðju. Þetta þótti okkur merki-legt enda nýkomin frá Súdan þar sem ríkir áfengisbann. Við stukkum út úr bílnum og tókum mynd. Þá kom aðvísandi öryggisvörður og sakaði okkur um iðnaðarnjósnir. Þegar drengurinn reyndi að útskýra barði vörðurinn hann með byssuskeftinu. Þá var Stefáni nóg boðið og skammaði manninn heiftarlega á íslensku,“ segir Eyrún, sem leist nú ekkert á blikuna enda maðurinn vopnaður.

„Þetta endaði með því að við fórum á lögreglustöðina þar sem menn sannfærðust um að við værum saklaus,“ rifjar hún upp.

## Brúnaðar kartöflur á jólum

Nú var haldið í gegnum Kenía þar sem fjölskyldurnar upplifðu alvöru safarí. „Við fórum í gegnum Ngorongoro-gíginn. Þar sátum við börnin á toppi bílsins og horfðum á fíla, hýenur og ljón rétt hjá okkur.

Jólin 2000 héldu þau til við Viktoríuvatn. Við fórum á hótél á

aðfangadag og pöntuðum piparsteik. Okkur fannst þó engin jól án brúnaðra kartaflna og því kenndum við kokkinum að gera þær.

Um áramótin dvöldu þau á strönd í Tansaníu en þaðan var haldið til Malaví, Sambíu, Botsvana og loks til Suður-Afríku.

## Bílarnir settir í gám

Í Suður-Afríku var bílunum bókstaflega troðið í 40 feta gám. „Þeir rétt pössuðu þegar búið var að taka lofið úr dekkjunum,“ rifjar Eyrún upp.

Fólkið flaug til Argentínu og síðan til Úrúgvæ til að bíða eftir bílunum. „Þar gistum við á hóteli manns sem við höfðum áður hitt á bensinstöð í Míritaníu. Hann kom á gulum Hummer, gaf sig á tal við okkur og gaf okkur loks nafnspjald þar sem hann skrifaði aftan á að við fengjum viku fría dvöl á hóteli hans ef við kæmumst alla leið,“ minnst Eyrún brosandí.

## Hæðarveiki hjá fólki og bílum

Nú var ekið frá Argentínu og suður á syðsta odda Suður-Ameríku, Eldland. „Þar fannst okkur stundum eins og við værum komin heim,“ segir Eyrún. Þaðan var haldið upp með ströndum Síle. „Við fórum meðal annars upp að efsta hverasvæði í heimi sem er í 2.500 metra hæð. Reyndar gerðum við þau mistök að gista þar um nóttina. Þegar við vöknudum vorum við öll hæðarveik en Stefán þó sýnu verst og endaði á sjúkrahúsi í Bólívíu.“

Í Perú urðu Eyrún og Stefán fyrir því óláni að bíllinn bræddi

úr sér. „Bíllarnir urðu í raun hæðarveikir. Við vissum ekki að olían þynnist í mikilli hæð og brennur því hraðar upp,“ lýsir hún en bíllinn var fluttur til Líma í Perú og þar voru þau föst í hátt í fjórar vikur. „Við skoðuðum allt sem hægt var í Líma og þangað þurfum við aldrei að fara aftur,“ segir hún glettin.

Þegar viðgerð var lokið var bílunum skipað til Flórída. „Við keyrðum eftir austurströnd Bandaríkjanna til Halifax og þar fóru bílarnir á skipi heim í byrjun sumars.“

## Mikill lærdómur fyrir börnin

Innt eftir því hvort það hafi verið erfið ákvörðun að taka börnin úr skóla í heilt ár segir Eyrún það alls ekki svo. „Stelpan okkar var sjö ára, jafn gömul og sonur vínahjóna okkar. Sonur okkar var tólf ára. Þegar við ákváðum ferðina töluðum við strax við skólalastjóra Digranesskóla. Hann varð mjög spenntur og taldi börnin líkleg til að læra mun meira á ferðalaginu heldur en í skólanum. Við tókum einnig með okkur námsefni og á hverjum morgni settust börnin fyrir utan bílana og lærðu meðan við stússuðumst við undirbúning,“ lýsir Eyrún. Við lok ferðarinnar voru þau öll á sama stað og jafnaldrar þeirra heima á Íslandi auk þess sem sonur Eyrúnar var kominn ári fram úr í stærðfræði og búinn að taka aukaeðlisfræði.

Eyrún játar því að ferðalagið hafi kostað skildinginn. „En þetta var hverrar krónu virði. Þetta var upplifun sem ekki er hægt að reikna út í krónum og aurum.“

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## SPENNANDI DAGUR

Kosningadagur er runninn upp. Eflaust fara margir í sparifötin áður en arkað er á kjörstaði í borg og bæ. Kjörfundur hefst kl. 9 og lýkur kl. 22. Kosningavaka hjá RÚV byrjar 21.45. Líklegast vilja margir fylgjast með fyrstu tölum sem berast skömmu eftir lokun kjörstaða.



Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?

### Nýtt líf:

4 vikna námskeið fyrir þyngdarvandi  
húð 04.08.14.

Fráheld í forgang:

Húðnámskeið 13-15.08.14.



**MFM MIÐSTÖÐIN**

Miðstöð og fræðslumiðstöð  
vegna mataræðis og lífshæðis

Húðnámskeið 13-15.08.14, Kjörfundur 21.08.14

matarfkn@mfm.is

www.matarfkn.is



Esther H. Guðmundsdóttir MSc.

## GEISLANDI HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

**BALSAM KYNNIR GOJIBER** – Nýtt frá Natural Health Labs. Stuðlar að hreysti og langlífi ásamt því að gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Tilvalið fyrir þá sem vilja neyta gojiberja á auðveldan og þægilegan máta.

Rósa Þorvaldsdóttir, meistari í snyrtifræðum, kennari og fóttaðgerðaðfræðingur, er eigandi Snyrtimiðstöðvarinnar Lancome. Hún hefur rekið eigin stofu samfellt í 35 ár. „Við tókum á móti fólki á öllum aldri, konum og körlum, í slakandi andlits- og líkamsmeðferðir og leggjum mikið upp úr þægilegu andrúmslofti. Ég fæ fólk til mín í alls konar ástandi og okkar markmið er alltaf að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál.“

### MÆLIR MEÐ GOJIBERJUM

Hverri meðferð fylgir húðgreining og ráðleggingar um umhirðu húðar segir Rósa. „Ég er með mismunandi ráðleggingar fyrir hvern og einn en bendi öllum á að borða hollt og fara vel með líkamann. Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið. Ég bendi mörgum á að ef þeir vilja fallegt og heilbriggt útlit eru gojiber frábær lausn. Ég tek sjálf gojifæðubótarafni daglega því mér finnst það minnka sykurbörf og gefa mér nauðsynlega viðbótarorku. Einfalt og þægilegt,“ segir Rósa og brosir.

Gojiber eru af mörgum talin næringarríkasta fæða sem finnst í náttúrunni og eru því flokkuð sem svokölluð ofurfæða eða superfood. Berin vaxa í Kína, Mongólíu og Himalajafjöllum og eru oft kölluð hamingjuberin vegna vellíðunar sem þeim fylgir og ótrúlegra áhrifa þeirra á heilsu og heilbrigði. Innfæddir hafa notað þau í þúsundir ára í lækningaskyni vegna



**MÆLIR MEÐ GOJI** „Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið,“ segir Rósa

einstakra yngingaráhrifa þeirra og margvíslegra næringarefna. Þau eru stútfull af próteini, aminosýrum, vítamínum og steinefnum og einstaklega rík af andoxunarefnum sem vinna gegn öldrun og gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Einnig bæta þau sjónina, skerpa hugsun, auka lífsorku og styrkja ónæmiskerfið.

### HENTUG LAUSN FYRIR ALLA

Gojiber hafa notið mikilla vinsælda um allan heim. Gojifæðubótarafni er frábær lausn fyrir þá sem vilja neyta berjanna á auðveldan máta. Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu í Blómavali, Vefverslun Heilsutorgs.is, Sportlífi, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.

### RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu eitt til þrjú hylki með vatnsglasi yfir daginn.

### GOJIBER

Gojiber innihalda 500 sinnum meira af C-vítamíni en appelsínur, margfalt meira járn en spínat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber.



Smart fót, fyrir smart konur

Stærðir 38-52

My Style

Liskuhús



mystyle



Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
s: 571-5464

## ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

EXIDE  
TECHNOLOGIES  
TRANSPORTATION

MAX1  
BILAVAKTIN

olis

## Sumarlestur barna

Hvernig mömmur, pabbar, ömmur og afar hafa áhrif á lestrarfærni

Nýlega komu út fjórar léttlestrarbækur hjá Lestrarsetri Rannveigar Lund sem seldar eru í verslunum Pennans og lðu. Efni þeirra höfðar til barna á aldrinum 6-11 ára. Í hverri bók er lögð áhersla á orð með ákveðnum bókstaf, eins og sést á kápusíðum og í bókatitlunum.



Margir foreldrar kannast við að börn þeirra eru lengi að festa einmitt hljóð þessara stafa í minni. Sum glíma við það langt fram eftir aldri. Ein skýring er sú að orð með þessum stöfum eru ekki sérlega fjölbreytt í textum og tiltölulega sjaldséð miðað við orð með flestum öðrum stöfum ritmálsins. Því oftar sem orð með þeim birtast í texta, þeim mun meiri líkur eru á að festa þá í minni. Það er engin tilviljun að bækurnar eru gefnar út að vori. Skóla lýkur brátt og sumarfrí tekur við. Þá þurfa foreldrar að halda lestri bóka að börnum sínum sem ekki eru enn fulllæs. Rannsóknir sýna nefnilega að börnum fer aftur í lestri, lesi þau lítið eða ekkert yfir sumarið. Því verr sem þau eru stödd miðað við jafnaldrar að vori, þeim mun dýpri verður dýfan. Sum börn geta því verið hálf næsta skólaár að ná upp þeirri lestrarfærni sem þau höfðu fyrir sumarleyfi. Foreldrar ættu að hafa í huga að lestur í sumarleyfinu, þótt ekki sé nema í 5-10 mínútur, fimm daga vikunnar, viðheldur þeirri færni sem náðst hefur að vori og eykur hana jafnvel.

Sérsvið Rannveigar Lund eru læsi og sérkennsla. Hún er uppeldis- og menntunarfræðingur og rekur Lestrarsetur Rannveigar Lund innan Reykjavíkurrakademíunnar.



**KOSNINGAFÍKILL** Guðrún Ögmundsdóttir segir að það hafi verið gleðisveifla í borginni fyrir 20 árum þegar R-listinn var stofnaður. Sú gleði endurtók sig fyrir fjórum árum þegar Jón Gnarr náði kjöri.

MYND/GVA

# MAMMA SETTI UPP NÝJAN HATT

**KOSNINGAR** Guðrún Ögmundsdóttir, tengiliður vegna vistheimila hjá inn-anríkisráðuneytinu, sat lengi í borgarstjórn áður en hún tók sæti á Alþingi. Hún segir kosningadag skipta miklu máli.

**K**osningadagur skipar stóran sess í huga mér og eiginlega stærri eftir því sem ég eldist og sé meira af heiminum. Ég er mjög meðvituð um hversu lýðræðislegur réttur er mikilvægur. Kosningaréttur er ekki guðsgjöf af himnum sem allir hafa,“ segir Guðrún og minnir á að konur hafi ekki alltaf haft kosningarétt hér á landi. „Ég hef venjulega verið heima þennan dag en að þessu sinni verð ég í sumarbústað á Suðurlandi með góðum hópi vina. Ég er því búin að kjósa,“ segir hún.

**MEÐ HÁTÍÐARBRAG** „Móðir mín leit á kosningadag sem hátíðisdag og keypti alltaf nýjan hatt fyrir hann. Fólk puntaði sig upp á þessum degi og það er auðvitað guðdómleg stemning í því. Með því sýndi fólk að það bæri virðingu fyrir lýðræðislegum réttindum. Við erum gæufólk að hafa þennan rétt,“ segir Guðrún og bætir við að hátíðarstemning skapist um allt land. „Það getur verið gaman að koma í bæ úti á landi þar sem er kosningastemning. Íslenski fáninn við hún og maður skynjar hátíðarbrag í loftinu. Bæjarbúar láta sjá sig úti á götu, setjast inn á kaffihús eða kosningaskrifstofu. Á þessum degi er líka borin virðing fyrir því að áróðurinn sé lagður til hliðar og tími til að njóta samvistanna. Mér finnst gaman að

fallegum, gömlum hefðum og síðum.“

**MEÐ SORG Í HJARTA** Þegar Guðrún er spurð hvernig henni lístist á kosningabaráttuna undanfarið, svarar hún: „Mér hefur fundist hún málefnaleg að flestu leyti. Margt er að breytast í pólitísku landslagi. Ég fékk þó sorg í hjarta vegna umræðu um mosku í Reykjavík. Mér finnst dapurt að ýtt sé undir lægstu hvatir hjá fólki. Stjórnmalamenn hafa ýmsum skyldum að gegna samkvæmt stjórnarskrá,“ segir hún enn fremur.

**R-LISTI FYRIR 20 ÁRUM** Fyrir nákvæmlega tuttugu árum tók Guðrún þátt í framboði R-listans í Reykjavík þegar hann bauð fram í fyrsta skipti. Þetta var sameiginlegt framboð allra flokka utan Sjálfstæðisflokksins sem hafði verið með völd í borginni í nálægt sextíu ár með einu hléi. Eftir sigur R-listans árið 1994 voru konur í fyrsta skipti í meirihluta borgarstjórnar. Ingi-björg Sólrún Gísladóttir varð nýr borgarstjóri.

„Þetta var skemmtilegur tími og ofboðsleg gleðisveifla í borginni ekki ósvipað og var með Besta flokkinn fyrir fjórum árum. Eithvað nýtt og ferskt með nýjum áherslum. Þarna var fullt af góðu en ólíku fólki sem kom saman í R-listanum og það gat unnið vel saman.

Menn vildu leggja saman krafta sína fyrir alla borgarbúa. Til dæmis var lögð þessi sterka, fína lína varðandi leikskóla. Á einum borgarstjórnarfundinum voru eingöngu konur sem var sérstakt. Við stofnuðum síðan kvennahópinn Bæjarins bestu sem var þverpólitískur hópur en hann hittist enn í dag. Maður má ekki vera hræddur við að láta góða hluti gerast,“ segir Guðrún. „Sem betur fer varð gerjun fyrir fjórum árum og mér finnst liggja í loftinu að fólk vilji halda henni áfram. Ég var virkilega ánægð með Jón Gnarr. Mér finnst borgarstjórn hafa komist nær íbúum og mannréttindi virt sem skiptir höfuðmáli,“ segir Guðrún.

**KOSNINGAFÍKILL** Hún fylgist alltaf með kosningasjónvarpi og segist hafa byrjað að skrifa niður tölur fyrir föður sinn þegar hún var ellefu ára. Ég er kosningafíkill enda alin upp við pólitík. Bæjarpólitík er að sumu leyti öðruvísi en landsmálapólitík og stendur fólki nær. Það er gjörólíkt að starfa að borgarmálum eða á Alþingi. Ég hef alltaf verið hrifin af þeirri nánd sem er í sveitarstjórnnum en þingmennska er líka skemmtileg vinna. Ég var svo heppin að geta stuðlað að góðum hlutum á meðan ég sat á þingi,“ segir Guðrún og bætir við að í kvöld verði grillaður góður matur í tilefni dagsins.

■ elin@365.is

Þú færð langmesta úrval meðgöngu- og brjóstagjafafatnaðar í Tvö Líf á frábæru verði!

Full búð af nýjum vörum, valdar vörur á **30% afslætti** FRÍ PÓSTSENDING UM ALLT LAND

tvö lif

opið virka daga 11-18 laugardaga 12-17

Holtasmári 1 • © 517 8500 www.tvolif.is /barnshafandi

**KitchenAid**  
THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

**Einar Farestveit & Co. hf.**  
1964-2014  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## FRÍSKANDI FREYÐITÖFLUR

Berocca er framleitt með það í huga að bæta frammistöðu líkama og hugar. Varan er klínískt prófuð og rannsóknir sýna að Berocca Performance dregur úr þreytu og þróttleysi og bætir frammistöðu.



**GOLFARI** Úlfar Jónsson mælir með Berocca-freyðitöflunum fyrir golfara.

MYND/GVA

# VEITIR BETRI ORKU OG EINBEITINGU

**ICEPHARMA KYNNIR** Úlfar Jónsson kylfingur, íþróttastjóri og landsliðsþjálfari, sinnir orkufreku starfi. Hann segir Berocca Performance-freyðitöflurnar hjálpa sér í starfi sínu, úti á golfvælinum og í amstri dagsins.

Þegar golftímabilið hefst er mikið um að vera og mörg verkefni að leysa fyrir þá sem starfa í golfgeiranum. Ég sinni tveimur störfum sem íþróttastjóri GKG og sem landsliðsþjálfari GSÍ, þannig að þarf ég á allri minni orku og einbeitingu að halda,“ segir Úlfar Jónsson sem byrjaði að taka Berocca Performance-freyðitöflur fyrir um mánuði þegar félagi hans benti honum á ágæti þeirra. „Ég finn mikinn mun á mér. Ég hef meiri orku og er frískari. Úthaldið hefur aukist og ég er fljótari í gang á morgnana,“ lýsir Úlfar sem tekur yfirleitt eina töflu á dag sem leyst er upp í vatni svo úr verður hinn fínasti svaladrykkur. „Ég fæ mér Berocca oftast upp úr hádegi og ef ég spila golf finnst mér líka gott að hafa þetta með mér sem orku-drykk,“ segir Úlfar. Hann bendir á að drykkurinn sé að auki mjög bragðgóður og svalandi.

Úlfar hefur prófað ýmis önnur bæti-efni en segir Berocca gefa mun meiri orku en annað sem hann hefur notað áður.

„Berocca Performance hentar golfurum mjög vel enda reynir heill golfhringur mikið á einbeitingu og úthald. Ég ætla að halda áfram að nota drykkinn og get hiklaust mælt með honum fyrir alla.“

### BEROCCA PERFORMANCE

- Freyðitöflurnar Berocca Performance innihalda einstaka samsetningu af B- og C-vítamínum í stórum skömmtum auk þess að innihalda bæði magnesíum og sink. Þessi bæti efni eiga það flest sameiginlegt að vera mjög mikilæg fyrir starfsemi heilans og taugakerfisins en skortur á þeim getur meðal annars valdið depurð, þreytu og pirringi.
- Töflurnar eru leystar upp í vatni og henta vel fólki sem er önnur kafið eða undir miklu álagi.
- Berocca er framleitt með það í huga að bæta frammistöðu líkama og hugar. Varan er klínískt prófuð og rannsóknir sýna að Berocca Performance dregur úr þreytu og þróttleysi og bætir frammistöðu.
- Berocca er án sykurs og rotvarnarefna.
- Ráðlagt er að drekka Berocca daglega til að ná sem bestum árangri.
- Berocca er framleitt af hinu virta fyrirtæki Bayer Healthcare og hefur verið á markaði í yfir 19 ár.
- Berocca-vörurnar fást í öllum helstu apótekum landsins sem og í Krónunni, Hagkaupi, Heimkaupum, Nettó og Víði.



## Orkuskot

100% lífrænt  
Eitt skot = 1 líter af rauðrófusafa eða 6 rauðrófur.

1 skot 30 mín. fyrir æfingar blandað í 150 ml af vatni. Endist 6 tíma í líkamanum. Bætt blóðflæði 30 mín. eftir inntöku.



**WE BEET THE COMPETITION**  
Eitt skot = 6 rauðrófur

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og World Class. Til í tveimur bragðtegundum

Leturprint - Umboð: www.vitex.is

## OptiBac probiotics

### Fáðu flatan maga!

Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum?

Optibac - For a Flat Stomach dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvíð flatari!



„Ég mæli hiklaust með Optibac vörunum“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvíð flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjáist af óþægindum vegna lofts í maga.“

Marta hefur notað gerlana að staðaldrí síðan í haust og getur ekki hugsað sér að vera án þeirra!



**Útsölustaðir:** Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkrapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarjarðar og Urðarapótek.

facebook.com/optibacieland

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



# Bepanthen®

Græðir og ver viðkvæma húð







# HVERAGERÐI

- blómstrandi bæ!



- Heilsubærinn Hveragerði
- Vinalegt samfélag
- Eggjasuða í Hveragarðinum
- Rómantískar gönguleiðir
- Afar fjölbreyttar hátíðir
- Garðyrkja og græn svæði
- Einstakur golfvöllur
- Rómuð náttúrufegurð
- Drauma sundlaug
- Iðandi lista- og menningarlíf



TÍU ÁRA AFMÆLI Skoppa og Skríttla hafa skemmt íslenskum börnum með fræðandi efni í tíu ár.

## SKOPP OG SKRÍTL Í HEILAN ÁRATUG

**STÓRAFMÆLI** Tvíeykið skemmtilega Skoppa og Skríttla stendur á tímamótum en tíu ár eru liðin frá því að hugmyndin að tvíbökunum kviknaði.

Hrefna Hallgrímsdóttir, betur þekkt sem Skríttla, bjóst alls ekki við því að þær Linda Ásgeirsdóttir yrðu enn að leika Skoppu og Skríttlu tíu árum eftir að þær gerðu fyrstu myndina með þær sem aðalpersónur. „Upphafið að Skoppu og Skríttlu var þannig að þegar ég fór loksins að eiga börn fannst mér vanta efni fyrir börn sem var skemmtilegt en um leið fræðandi. Ég hafði búið í Bandaríkjunum og þar var nóg af þess konar efni en mér fannst vanta eitthvað á íslensku. Ég hnippiti því í Lindu vinkonu mína og sagði henni að við þyrftum að gera eitthvað í þessu. Við bjuggum því til litla mynd með Skoppu og Skríttlu sem ég vissi að myndi hitta í mark hjá tveggja ára syni mínum. Þetta vatt svo upp á sig og hér erum við enn í dag að leika Skoppu og Skríttlu,“ segir Hrefna.

Skoppa og Skríttla hafa farið víða á þessum tíu árum sem þær hafa starfað, þær hafa verið í leikhúsi, í kvikmynd og sjónvarpsþættir um þær hafa verið teknir upp víða um heim. „Við höfum ferðast mikið saman við Linda og höfum yfirleitt haft börnin okkar með okkur. Þau hafa fengið að alast upp við þetta og tekið þátt í þessu með okkur án þess þó að við höfum ýtt þessu að þeim. Þau hafa til dæmis

verið með okkur í leiksýningunum en alltaf þurft að fara í prufur eins og hin börnin,“ segir hún og hlær.

„Það hefur verið mjög gaman að hafa öll þessi börn með okkur í sýningunum og sjá hvað íslensk börn eru klár, bæði í söng og dansi. Við vorum með 24 börn í jólasýningunni okkar og hún gekk eins og í draumi. Það var líka skemmtilegt að finna hvað börnin sjálf höfðu gaman af þessu, áhuginn skein af þeim og þau voru stolt yfir því að vera fyrirmynd annarra barna.“

„Við erum ótrúlega þakklátar fyrir þessi góðu

viðbrögð sem við höfum fengið í gegnum tíðina. Við finnum mun á foreldrum frá því við byrjuðum, þeir eru orðnir mun meðvitaðri um hvað er í boði fyrir börnin þeirra. Það er vanmetið hvað fyrstu árin skipta miklu máli, okkur finnst mikilvægt að birta þessum yngstu jákvæða mynd af lífinu, erfiðleikarnir geta komið síðar.“

Margt spennandi er fram undan hjá Skoppu og Skríttlu í til efni tíu ára afmælisins. Í dag taka þær á móti gullplötu fyrir geisladiskinn sinn „Skoppa og Skríttla á söngferðalagi“ í Hagkaupi í Smáralind. „Stóra afmælishátíðin verður svo síðustu helgina í júlí í Húsdýragarðinum. Við tókum fyrstu myndina okkar upp þar og langar að koma aftur „heim“.

Við erum að leita leiða þessa dagana til að geta boðið öllum litlu vinum og vinkonum okkar upp á stóra ókeypis skemmtun. Svo verðum við með alls kyns viðburði á næstunni, til dæmis skemmtum við víða á sjómannadaginn á morgun.“



# LÉTTARA SKAP OG BETRI SVEFNF

**ICECARE KYNNIR** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

**B**ryndís Guðmundsdóttir segist hafa byrjað á breytingaskeiðinu fyrir sjö árum. „Ég hef verið á þremur tegundum af hormónalyfjum, þurfti oft að skipta um tegundir. Ástæðan fyrir því var sú að lyfin hentuðu mér ekki, ég fékk meiri vanlíðan á þeim en ég hafði áður. Ég átti erfitt með svefn, svitnaði mjög mikið og var með mikla skapbresti,“ segir hún.

„Ég ákvað að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau voru ekki að virka á mig. Leitaði að upplýsingum og fróðleik á netinu og rakst þá á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka því það sakaði ekki að reyna eitthvað annað. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á

mér, ég fór að sofa betur, nú er ég hætt að svitna um nætur, skapið er miklu léttara og ég hef mun meiri orku en áður. Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu.“

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
- Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og flaxceed-duft
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár



## FEMARELLE - ÖRUGGUR KOSTUR

Fæst í öllum apótekum, heilsvörðslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. UPPLÝSINGAR [www.icecare.is](http://www.icecare.is) og Femarelle á Facebook.

**NÝTT FEMARELLE 50+**  
Nýtt á markaðnum fyrir konur eldri en fimmtugt.



**ALLT ANNAD LÍF** Bryndís fann réttu lausnina þegar hún kynntist Femarelle. MYND/VALLI

# UMBYLTING Á HEILSUNNI

*Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum.*

**M**ig langar að deila reynslu minni af Bio-Kult Original-gerlunum. Ég var búin að vera veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur, gjörbreytti mataræðinu en náði þó ekki alveg fullri heilsu. Þá fór ég að skoða hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég leitaði upplýsinga á netinu og víðar og fann út að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargeril (e. Bacillus Subtilis). Í framhaldinu fór ég að leita að lifandi gerla-blöndum hér á landi sem innihalda þennan

geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörnunni. Ég ákvað að prófa og viti menn, það varð algjör umbylting á líðan minni og heilsu,“ segir Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi.

„Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf ákvað ég upp á mitt eindæmi að breiða út vitneskju mína og ánægju með Bio-Kult Original-gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu. Gerlarnir hjálpa fólki meðal annars með meltingarvandamál. Ég mæli með Bio-Kult Original við skjólstaðinguna mína sem eiga til dæmis við hægðatregðu



að stríða en þeir hjálpa til við útskilnað í meltingarveginum. Öll þurfum við að losa óæskileg efni úr líkamnum sem við fáum við neyslu á sumum matvælum og Bio-Kult Original hjálpar til við það.

Þá er einnig vert að geta þess að ég hef einnig notað Bio-Kult Original fyrir hundinn minn sem er tíu ára gamall af Cavalier-kyn. Hann varð veikur í maga, alltaf að róta í mold og éta

hana, það var eins og hann vantaði eitthvert efni. Ég prófaði að gefa honum Bio-Kult Original-gerlana, setti þá út í matinn daglega. Tíkin lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio-Kult Original-gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio-Kult Original-gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt heilsu minni og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio-Kult Original fyrir alla.“

## FINNUR MIKINN MUN

Margrét Kaldalóns hefur notað Bio-Kult gerlana í nokkra mánuði og fann fljótleiga mjög mikinn mun á meltingunni. Hún hefur starfað í heilsugeiranum í 30 ár og hefur kynnst mörgum tegundum af fæðubótarefnum og mjólkursýrugelrum.

Ég veit af reynslunni að það eru mjög margir sem þjást af meltingarvandamálum, það eru margar tegundir mjólkursýrugera á markaði sem lífa ekki af magsýrurnar og ná því ekki að virka sem skyldi. Í mínum störfum hef ég prófað margar tegundir af mjólkursýrugelrum og ég finn að Bio Kult gerlarnir henta mér best,“ segir Margrét, betur þekkt sem Lína í Heilsuhúsinu.

„Áður fyrr var ég mjög viðkvæm gagnvart mörgum fæðutegundum, ég fann alltaf fljótleiga eftir máltíðir að mér leið illa, það var eins og grjót væri í maganum.“

Eftir að ég kynntist Bio Kult gerlunum hef ég fundið mestan mun á líðan í smápörmunum – því ég var mjög viðkvæm í þeim áður. Ég tek 4 hylki á dag, og hef alltaf tekið þau fyrir mat, það hentar mér. Venjulegur skammtur eru 2 hylki, en mér finnst betra að taka aukalega. Ég er sérlega ánægð með Bio Kult gerlana, því að þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna.



**BETRI HEILSA** Birgitta þjádast af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan. MYND/GVA

# ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

*Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvagini.*

**B**irgitta Sveinbjörnsdóttir þjádast af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurteknar þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílunum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar,“ segir hún.

„Vinkona mín sem er lækni benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var alveg ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf. Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég óvart gleymi að taka Bio-Kult-hylkin þá finn ég að þvagfærasýkingin lætur fyrir sér finna, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna enn betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna.“

## HYLKIN INNIHALDA:

- Trönuberjabykkni (cranberry extract 36mg PACs)
  - Mjólkursýrugera (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, styrkur: 1 milljarður)
  - A-vítamín 320×g (900 iu, 40% af RDS)
- Tvö hylki einu sinni til tvisvar á dag með mat til að fyrirbyggja þvagfærasýkingu.**



# KASSABÍLARNIR LIFA GÓÐU LÍFI

**HÖRKUKEPPNI** Börn og unglingar keppa í kassabílarallíi á morgun þegar fyrsta mót ársins verður haldið í Laugardal í Reykjavík.

Fyrsta kassabílakeppni sumarsins verður haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal á morgun, sunnudag. Það er Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur (BÍKR) sem stendur fyrir keppninni en klúbburinn hélt slíka keppni í fyrsta sinn síðasta sumar. Að sögn Péturs Sigurbjarnar Péturssonar aðstoðarkeppnisstjóra voru undirtektir mjög góðar í fyrra og því var ákveðið að endurtaka leikinn í ár. „Það mættu 23 lið á fyrsta mót okkar í fyrra. Með foreldrum og áhorfendum voru þetta um 150 manns sem voru í garðinum. Á sunnudaginn verður keppt í fjórum aldursflokkum og verða veitt verðlaun í öllum flokkum, auk þess sem fallestasti kassabíllinn fær verðlaun.“

Keppnin, sem hefst kl. 11 á morgun, fer fram á þremur brautum í garðinum og verður búið að bæta á þær stökkpöllum, keilum og ýmsum þrautum. „Við leggjum að sjálfsgöngu mikið upp úr öryggi keppenda. Bæði öikumenn og liðsmenn nota allir hjálma. Hlauparar eru með hné- og olnbogahlífar. Við sjáum til þess að bremsur séu í öllum bílum og beygjuvörn svo litlar lappir kremjast ekki. Þannig að þetta er nánast sett upp eins og lítið rallí.“

Ræst er út með mínútu milli-bili og allir tímar eru skráðir í



**HÖRKUKEPPNI** Það gengur oft mikið á hjá keppendum.

MYND/HRÓLFUR ÁRNASON

sérstakar tímabækur. „Á síðasta ári var rosaleg stemning meðal keppenda og fjölskyldna þeirra. Fjölskyldur undirbjuggu keppnina saman, smíðuðu bílana og máluðu þá. Adrenalínið var svo á fullu hjá krökkunum á meðan keppnin stóð yfir.“

Upphaf kassabílakeppninnar má rekja til þess að meðlimum BÍKR fannst vanta einhvern vettvang fyrir börn til að læra inn á umferðina. „Við lærum að synda í skóla svo við druknum ekki. Börn í dag læra ekki mikið í tengslum við umferð og umferðarreglurnar í skóla og okkur fannst kassabílakeppni vera góður vettvangur til þess. Fyrir utan hvað svona keppnir eru

skemmtilegar fyrir fólk á öllum aldri.“ Alvöru rallíbílar verða einnig á staðnum sem börnin geta fengið að setjast inn í og skoða.

Önnur kassabílakeppni verður haldin um miðjan ágúst og í lok sama mánaðar verða Íslandsmeistarar í hverjum flokki krýndir. „Stærsta rallíkeppni landsins verður haldin þá og við ákváðum að krýna meistarana okkar á sama tíma. Þá fá krakkararnir að rúlla kassabílunum yfir rampinn og í mark.“

Keppnisstöðun hefst kl. 9.30 í fyrramálið og keppnin sjálf hefst kl. 11. Allar nánari upplýsingar um keppnina og teikningar af kassabílum má finna á [www.](http://www.)



**MIKIÐ FJÖR** „Á síðasta ári var rosaleg stemning meðal keppenda og fjölskyldna þeirra,“ segir Pétur Sigurbjörn Pétursson aðstoðarkeppnisstjóri.

MYND/DANIEL



**SAMVINNA** Fjölskyldur og vinir hjálpast að við að ýta kassabílunum. MYND/HRÓLFUR ÁRNASON

Pakkaðu rétt fyrir fríið

## OZ fylgir áskriftinni til 1. ágúst

OZ er frábær ferðafélagi í sumar. Þú býrð til þitt eigið safn með öllu uppáhaldssjónvarpsefninu þínu og horfir þegar þér hentar.

Beinar útsendingar 365 eru aðgengilegar með OZ, svo þú getur horft á boltann í beinni og safnað þínu uppáhaldsþróaefni.

Nú fylgir áskriftinni aðgangur að OZ til 1. ágúst. Nánar á [365.is](http://365.is)



OZ

ANDROID APP ON Google play

Available on the App Store

OZ FYLGIR MEÐ  
ÁSKRIFTUM 365  
TIL 1. ÁGÚST



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# Fjölskyldudagur Forlagsins

Fiskislóð 39 í dag kl. 13 til 15



**ÆVAR VÍSINDAMAÐUR**

gerir subbulegar  
tilraunir og  
áritar plaköt  
frá kl. 14



**1.990 kr.**  
Sérstakur  
kynningarafsláttur

Öll börn fá  
Strumpabók  
að gjöf

Landsins  
mesta úrval  
bóka, á  
Forlagsverði

